# Fundargerðabók. Sameiginlegir fundir stjórnar Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana 29. október 1986 til 26. mars 1992

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag matvörukaupmanna – Félag kjötverslana

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-11

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

A.

Sameiginleg fundargerðabók

Félgas kjötverslana.

og

Félags matvörukaupmanna.

29/10 1986 - 18/2 1991

CHALLENGE

RULED FEINT A4

PRODUCT NO. 6 8700 6

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegir

fundir

Félags kjötverslana og Félags matvörukaupmanna

frá 29 október 1986. – 18. febrúar 1991.

CHALLENGE

Since the turn of the century the name Challenge has been synonymous with all that's best in commercial stationery. Each product is made by craftsmen to the highest standards, using only top quality materials.

This Challenge book is one of a wide variety of products for shop and office, factory and workshop. The range includes Duplicate and Triplicate Books with feint ruling and also printed headings—Invoice, Order, Delivery, Statement, Cash Receipt; Manuscript, Analysis and Account Books; Rent, Surveyors, Wages and Visitors Books.

Spiral Note Books, Filing Supplies, Ring Binders and other PVC products are also found in the range.

A4 297 mm x 210 mm ($11\frac{3}{4}$ x $8\frac{1}{4}$)

DRG STATIONERY

MADE IN GREAT BRITAIN

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1986 miðvikudaginn 29 október kl. 13³⁰ haldinn sameiginlegur almennur fundur í Félagi kjötverslana og Félagi matvörukaupmanna í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

Formaður Félags kjötverslana Jóhannes Jónsson setti fund og stjórnaði.

Fyrir tekið:

1. Virðisaukaskattur

Framkvæmdastjóri Kaupmannasamtakanna Magnús E. Finnsson hélt erindi um hinn væntanlega skatt og útskýrði málið frá mörgum hliðum. Nokkrar umræður urðu um erindið. Gunnar Snorrason og Þorvaldur Guðmundsson tóku til mál, en Magnús svaraði.

2. Opnunartími verslana

Magnús E. Finnsson sagði frá umræðum um málið í Borgarstjórn og hvernig málið stendur í dag. Það er ekki víst hvernig Borgarstjórn tekur á málinu, en nú er það í nefnd.
Sigrún Magnúsdóttir kaupmaður og borgarfulltrúi lýsti málinu og hvernig það snýr gagnvart Borgarstjórn
Fleiri tóku til máls, þar á meðal Hreinn Sumarliðason, Jóhannes Jónsson, Jón Sigurðsson, Gunnar Snorrason, Ingibjörn Hafsteinsson og Máni Ásgeirsson og Guðm. Ragnarsson.
Ýmsar hugmyndir komu fram, en samt var það nokkuð almennt álit að eðlilegast væri að afnema reglugerðina um opnunartímann.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Erindi um nýjungar í innkaupaháttum verslana

Hreinn Sumarliðason sagði frá fræðsluferð [illegible] kaupmanna til norðurlanda á vegum K.Í. Matkaups h/f. [illegible] og K-samtakanna.
Farið var til Oslóar og Kaupmannahafnar og kynnst samvinnu og uppbyggingu samstarfs kaupmanna á öllum sviðum.
Erindi Hreins var bæði yfirgripsmikið og stórfróðlegt.
Í Noregi og Danmörku er það álit manna, að óhugsandi er að vera fyrir utan verslanakeðju og sameiginleg innkaup verslana er lykilorðið.
Fundarstjóri þakkaði Hreini fyrir gott erindi.
Nokkrar fyrirspurnir og umræður urðu um erindið og tóku margir til máls.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Ár 1987 þriðjudaginn 8 september kl. $12^{00}$ haldinn sameiginlegur stjórnarfundur Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

Formaður Félags kjötverslana Jóhannes Jónsson setti fund og stjórnaði.

Fyrir tekið:
Greint frá ~~[illegible]~~ því sem hefur verið gert í sambandi við auglýsingagjöf frá Landbúnaðarráðuneytinu um dilkakjöt í samvinnu við verslanir innan K.Í.
Samþykkt að Máni Ásgeirsson og Guðmundur Júlíusson eða Júlíus Jónsson verði tengiliður og samstarfsmenn með starfsmönnum skrifstofunnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Jóhannes [illegible]
[illegible]
[illegible]
Stefán [illegible]
Baldur [illegible]
[illegible]
Jón [illegible]
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1987 miðvikudaginn 14 október kl 20.30 haldinn sameiginlegur félagafundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana um söluskattsmál í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar
Gestir fundarins eru þeir Jón Guðmundsson deildarstjóri hjá Ríkisskattstjóra og Haraldur Árnason, deildarstjóri hjá Skattstofu Reykjavíkur

Formaður Félags matvörukaupmanna Ingibjörn Hafsteinsson setti fund bauð gesti velkomna

Jón Guðmundsson flutti framsöguerindi. Hann kom víða við greindi frá sögu skattsins og hvernig hann hefur hækkað og þróast í gegnum tíðinda. Síðan skýrði hann hinar ýmsu aðferðir við [illegible] á skattinum. Jón gerði að umtalsefni ýmsar kvartanir sem fram hafa komið og gat þess að það væri sameiginlegt hagsmunamál skattinnheimtu og kaupmanna að gera skattinnheimtuna einfalda

Gunnar Snorrason tók næstur til máls, þakkaði framsögumanni fyrir gott erindi, benti síðan á ýmis furðuleg dæmi um skyldu og óskyldu söluskatts á ýmsar vörur.
Lagði Gunnar síðan fram ýmsar spurningar fram. benti á hvað skattlutinn er stór hluti í skattinnheimtu ríkisins.

Jón Júlíusson tók undir orð Gunnars, ræddi málin og lagði fram óskir um að eitt skattprósentustig yrði lagt á allar vörur, en ekki eins og núna 0, 10 og 25%

Fleiri tóku til máls, þar á meðal Ólafur Björnsson, Sigrún Magnúsdóttir, Sigurður Jónsson, Ingibjörn Hafsteinsson, Jón Júlíusson, Máni Ásgeirsson, Gunnar Snorrason en Jón Guðmundsson og Haraldur Árnason svöruðu spurningum

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 6. janúar 1988. Kl. 14³⁰
var haldinn stjórnarfundur í FMR
ásamt og með formanni fél. Kjötverzlana.

Ingibjörn setti fundinn og stjórði honum.

Fyrir var tekið:
1. Rætt um breytingar á söluskatti
og uppgjörsaðferðir. Einn þeirra um
nauðsyn birgðatalningar á dilkakjöti
smjöri og ~~eggj~~ ostum, vegna fyrirhugaðrar
endurgreiðslu frá ráðuneytinu. Nauðsynlegt
er að láta staðfesta talninguna.
Miklar umræður urðu og margvíslegum
spurningum velt upp.
Menn voru sammála um að formsins
vegna sé nauðsynlegt að framkvæma nýja
heildarbirgðatalningu við gildistöku sölu-
skattslaganna pr. 7. janúar, vegna hugsan-
legrar endurgreiðslu á fyrir framgreiddum
söluskatti (atriði 3. í uppgjöri)
Einnig var mikið rætt um óeðlilega
verðkönnun, sem nýlega var gerð og birt
á stöð 2. Þar sem saman var ruglað
stórmörkuðum og minni hverfaverzlunum,
á vægast sagt ósanngjarnan hátt.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið
Hreinn Sumarliðason ritar.

[signatures]

Fimmtudaginn 19. maí 1988 var
haldinn sameiginlegur fundur stjórna
F.M.R – F.K. – og F.S.E.

Jón Júlíusson formaður F.K setti fundinn
og stjórði honum.
Fyrir var tekið.
1. Samkvæmt ósk frá stjórn FSE var
rætt um óánægju þá sem ríkir
vegna útgáfu á verðlistum hjá
gosdrykkjaframleiðendum þar sem
þeir skammta verzlunum sölulaun
Heilmiklar umræður fóru fram.
Eftirtaldir aðilar mættu á fundinn.

| | | |
|---|---|---|
| Máni Ásgeirsson, | verzl. | Ásgeir |
| Þórður Jónsson | – | Breiðholtskjör |
| Sigurður Guðjónsson | Sölust. | Grundarstíg |
| Sigþór J. Sigþórsson | – | Rofabæ |
| Jón Þórarinsson | – | Þverbrekku |
| Kolbrún Sævarsd. | – | Sogaver |
| Lovísa Jóhannsd | – | Staldrið |
| Friðjón Edvardsson | verzl. | SS. Glæsibæ |
| Sig. Gunnarsson | – | Hólagarður |
| Steingrímur Jónsson | – | Straumnes |
| Jón Júlíusson | – | Nóatún |
| Guðni Þorgeirsson | | KÍ og |
| Hreinn Sumarliðason | | KÍ. |

Allir fundarmenn tóku þátt í umræðunum
sem snerust auk framangreinds efnis
um fjölmargt annað svo sem:
Kartöfluverð – Kjúklingaverð – pylsuverð –
frjálsa álagningu – léttara að vinna

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

með plastumbúðir heldur en gler –
verðlagningu markaðarins, um
verðkönnunir verðlagsstofnunar um
verðlista frá sælgætisframleiðendum
um sjálfsala með gos þar sem
álagningin er sko önnur en á
útgefnum verðlistum, um álagningu
á tóbaksvörum sem væri undir
sannanlegum rekstrarkostnaði, og
um nýafstaðið verkfall V.R.

Samþykkt var að fela K.Í að
skrifa bréf til gosframleiðenda
og árétta rækilega áður framkomnar
óskir um að framleiðendur hætti
að gefa út verðlista.

Beri það ekki árangur þá verði
forsvarsmenn þeirra boðaðir til
funda í K.Í og krafan endurtekin.

Sveinn Sumarliðason RITAR.

Þriðjudaginn 31. maí 1988 var
haldinn sameiginlegur stjórnarfundur
F.M.R og F.K.

Formaður F.M.R. Ingibjörn Hafsteinsson
setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

1. Lokun á laugardögum:
Formaður hefur hringt og hlustað nokkra
félaga. Aðeins einn hefur lýst því að
hann ætli að hafa opið.
Stórverslanirnar verða lokaðar frá
1. júní og út ágúst samkvæmt kjarasamn.
Málið var mikið rætt fram og aftur
og sjónarmið breytileg sem fyrr.
Flestir óskuðu eftir laugardagslokun
en vegna kringumstæðna sums staðar
t.d. eins og í Kópavogi, neyðast menn
til að hafa opið. Menn voru sammála
um að starfsfólkið vildi almennt ekki
vinna á laugardögum.
Samþykkt að samtökin auglýsi
það ákvæði kjarasamningsins að loka
skuli á laugardögum yfir sumarmánuðina.
Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið.
Sveinn Sumarliðason ritar.

[illegible signatures]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1988.

Miðvikudaginn 17. ágúst héldum sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana.

Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson setti fund og stjórnaði honum.

Fyrir var tekið.

1. Rekstrarstaða verslana í dag.

Jón Júlíusson ræddi rekstrarstöðuna og upplýsti ýmis dæmi sem hafa komið upp og ræddi ýmsar leiðir t.d. til að breyta opnunartíma og lækka kostnað. Ýmsir tóku til máls og lýstu stöðu sinni og afstöðu til málsins. Rætt var um fjármagnskostnað mannahald og kostnað af því. Talið eðlilegt að reyna að lækka launakostnað og stækka vöruval.

2. Verðlagning landbúnaðarvara.

Magnús E. Finnsson skýrði frá viðræðum við ýmsa dreifendur landbúnaðarvara þar með talið S.Í.S. Hagkaup Miklagarði og K.Þ.Þ.N. Fenginn var Jón Ævar Jónsson viðskiptafræðingur til að afla upplýsinga um kostnað við dreifingu og þessari vinnu að ljúka. Upplýsingarnar verða ræddar á fundi með umræddum aðilum og síðan verður vísað til verðlagsráðs og óskað eftir leiðréttingu verðlags á umræddum vörum.

3. Niðurfærsla verðlags.

Magnús upplýsti að á morgun færu fram viðræður við formann og nefndarmann í nefnd sem á að vera ríkisstjórn til ráðuneytis um efnahagsaðgerðir. Helst er talað um niðurfærslu verðlags frekar en gengisfellingu. Talið eðlilegt að styðja niðurfærsluleiðina.

4. Bréf frá Kaupfélaginu Þór á Hellu um að draga úr eða hætta að veita afslátt á nautgripakjöti.

Formaður las bréfið og fundarmenn ræddu málið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Jón Júlíusson

[illegible]

[illegible]

[illegible]

[illegible]

Þórhallur Steinþórsson

Steingrímur Jónsson

[illegible]

[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1988 miðvikudaginn 19 október haldinn
sameiginlegur fundur Félags matvörukaupmanna
og Félags kjötverslana í húsakynnum K.Í.
kl. 13:30
Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson
setti fundinn og stjórnaði honum og
umræðuefni hans var sala á plastburðar-
pokum.
Framkvæmdastjóri Magnús E. Finnsson hóf
umræðuna og sagði frá hvað áður hafi gerst
í málinu. Hann gat þess að Jóhannes Jónsson
stjórnarmaður K.Í hafi starfað að þessum
málum undanfarið og nú hafi skapast
samstaða um málið

Jóhannes skýrði frá viðræðum við forráðamenn
SÍA, stórmarkaða og Landvernd og upplýsti
að Landverndarfólk væri orðið mjög meðvitað
um hinn mikla vanda sem plastpokarnir eru
orðnir í umhverfinu.
Hugsanlega verður verð pokanna kr. 6.00 og 3.00
eftir stærð, en þá fengi Landvernd kr. 2,50 og 1,25
í sinn hlut.
Kynnti hann síðan hugmyndir Landverndar
til að vinna samúð fólksins, en þeir munu
hefja áróður í öllum skólum og fjölmiðlum
Allir stærri aðilarnir telja þetta vera gott
mál og vilja standa saman um að koma því
í framkvæmd.
Hann hvatti félagana til samstöðu um þetta
mikilsverða mál.
Jón Júlíusson tók undir hvatningarorð
Jóhannesar.

Eftirtaldir tóku til máls og báru fram ýmsar
fyrirspurnir um kynningu og áletrun eða
stimplun pokanna.
Jón Sigurðsson, Ólafur Kristjánsson, Þór Bragason,
Sigrún Magnúsdóttir, Sigurður Gunnarsson og
Hlynur Sumarliðason
en Jóhannes og Jón Júlíusson svöruðu.

Málið síðan borið upp og samþykkt samhljóða.

Önnur mál.

Fundarstjóri hvatti félagana til að selja
birgðir sínar af gamla dilkakjötinu, sem lækkaði
13 okt. s.l. um 7% í heildsölu og senda talning-
una inn til K.Í sem fyrst.
Ræddu menn síðan um sparnað í rekstri. Þar
með talið samstarf um að minnka kostnað
af greiðslukortum og hvað það er mikilsvert að
láta deila rafmagnsálagi niður á fasana,
en Þór Bragason lýsti því hvað þetta gæti
lækkað kostnað.
Jóhannes sagði frá fyrirhugaðri ferð kaupmanna
til Kaupmannahafnar á vegum K.Í.

Jón Júlíusson sagði frá því, að hann og
Ingibjörn Hafsteinsson formaður Félags matv.
vildu koma á almennum fundi félaganna
um ástand mála og væri hann nú í
undirbúningi.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið
Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 27. febr 1989. kl $14^{00}$ var settur sameiginlegur fundur stjórna FMR og FK.
10 manns var á fundinum auk ritara.
Júlíus Jónsson formaður FMR setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

1. Hugmynd um að bjóða stjórn Osta og smjörsölunnar á fund hingað og gera henni ljóst að þessi ostatilboð þeirra gangi ekki lengur né heldur verðlagning ostanna.
Talað um tvo menn frá FMR og tvo frá F.K. Álagning á landbúnaðarvörur ætti að vera minnst 20% — og þá var bent á könnun sem sýndi að 27% væri nauðsynlegt.
Jón Þór og Þórður frá FK og Júlíus og Ágúst frá FMR voru valdir til viðræðnanna.

2. Grænmetissalan. Talað um að mótmæla framkomnum hugmyndum að reglugerð.
Félögin geri það með aðstoð skrifstofunnar í hvoru lagi.

3. Guðni spurðist um útsöluauglýsinga síðan í haust. Svar: ekkert komið.
Þetta var á formaður auglýsinga kostn.
Rætt um að tala við hann Aðalstein um þetta.

4. Talað um að minnka ásig í fjölmiðlum eftir 1. maí, vegna þrengsla sem fyrirsjáanlega mun skapast hjá ATVR. Við erum tilbúnir að leysa vandann.

5. Rætt um plastpokasölu.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið.

Hrönn Gunnarsdóttir ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Miðvikudaginn 29. mars kl. 14⁰⁰ var haldinn sameiginlegur stjórnafundur FMK og FK ásamt með fjórum gestum, en alls voru 12 á fundinum.

Jón Júlíusson setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið:

1. Fulltrúar kjúklingabænda skýrðu þá stöðu sem upp er komin í greifingu á þeirra afurðum. Fram kom að dreifingarkostnaður hafi verið kominn í 20% og meiningin með sameiningu í eina dreifingarstöð að lækka þennann kostnað. Vitnað var í viðtal fulltrúa N.S. í fjölmiðlum um verðlagningu á afurðum. Rætt um hvernig að stór-gefnir afslættir hafi eða hafi ekki skilað sér út í verðlagið.
Spurt var af einum fulltrúa framleiðenda - eigum við einhverja samleið - þ.e. við framleiðendur og þið kaupmenn.
Formaður F.K. lýsti sínum viðhorfum til ástandsins eins og það var þar sem stórmarkaðir fengu mikinn afslátt og gátu síðan notað að selja vöruna á lægra verði en hverfiskaupmaðurinn en haft samt hærri sölulaun fyrir sig þegar allt er skoðað.
Æskilegast er að hver vara fyrir sig standi undir sínum eigin dreifingarkostnaði.
Rætt um verðkannanir og framkomu ákveðins fulltrúa verðlagsstofnunar í framkvæmd þeirra og síðari úrvinnslu sömu kannana.
Spurt um skoðun framleiðanda á hæfilegri smásöluálagningu á afurðum þeirra - og nefndar voru tölurnar 18 - 20 - 25% og jafnvel uppí 30.
Aftur og aftur snérist umræðan um að fordæma vinnubrögð Jóhannesar Gunnarssonar og virtust framleiðendur og kaupmenn einhuga í því.
Sagt var að svo til allir kjúklinga-bændur væru gjaldþrota.
Framleiðendur létu í ljós ósk um stuðning frá kaupmönnum, í þessi erfiðu stöðu sem þeir væru núna.

2. Rætt um kjötfarskönnunina um daginn. Formaður F.K. las upp útsenda yfirlýsingu félagsins og talaði um að erfitt gæti verið að standa á ýmsu sem þar kom fram. Nauðsyn bæri til að vanda vel orðalag opinberra tilkynninga, svo og að stjórnir félaga samþykki áður en sent er til fjölmiðla í þeirra nafni.

3. Aðalfundur KÍ. Rætt um hverjir færi til fundarins, og hverjir ekki, einnig um væntanlega stjórn KÍ. og nauðsyn þess að hagsmuna matvörukaupmanna sé gætt þar af einurð. Fram komu tilmæli til Jóns Júlíussonar að hann gæfi kost á sér sem formaður KÍ.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Drög að frumvarpi til laga um greiðslukortin: Það sjónarmið var talið vega þyngst að notandi kortanna ætti að greiða kostnaðinn, en ekki verzlunin.

5. Fundur með forystumönnum Osta og Smjörs. Júlíus skýrði frá viðræðunum. En skilningur virtist á því að álagning væri of lág og þyrfti að bæta. Meira um þetta seinna.

6. Framhjásala heildsala: Dæmi um Nóa h/f fyrir jólin — Vífilfell h/f o.fl. Þar með RÍKISSKIP sem virðist selja barnaheimilum og skólum ýmsar vörur á heildsöluverði. Æskilegt er að kalla forystumenn hinna ýmsu framleiðenda og heildsala til fundar hér í K.t. og tala yfir þeim.

Fleira ekki fyrir tekið fundi slitið

[signatures]

Ár 1989 þriðjudaginn 23 maí kl 10⁰⁰ f.h. haldinn sameiginlegur fundur Félags matvöru-kaupmanna og Félags kjötverslana í fundarsal K.Í í Húsi verslunarinnar.
Formaður Félags ~~kjötverslana~~ MK Júlíus Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Fyrir var tekið:

1. Verðlagning landbúnaðarvara.

Fundarstjóri greindi frá viðræðum við framkvæmdastjóra Osta og Smjörsölunnar Óskar H. Gunnarsson og sölustjóra Kristinn Gudmunsson en hann sjálfur og Guðni Þorgeirsson höfðu rætt verðlagningu ýmissa mjólkurvara, og var það ákveðið að þeim viðræðum yrði haldið áfram.
Inn í þessar umræður kom síðan álagning og niðurgreiðslur á kjöt og mjólk.
Einn versl. kaupm. Gísli Guðmundsson í Vörufelli hafði lækkað verð mjólkur um eina krónu.
Hann lýsti því yfir að þessi lækkun hafi verið mistök. Málið síðan rætt frá ýmsum hliðum og þá rætt um hvort ekki væri hagt að lækka kostnað ef upp væri tekin nokkurskonar verktakastarfsemi í sambandi við afgreiðslufólk.
Síðan var rætt um verðlagningu á brauðum og kökum og innheimtu söluskatts.

2. Rannsóknarþjónusta.

Bréf barst frá Rannsóknarþjónustunni um fasta starfssamninga við fyrirtæki í sambandi við þrifnaðar og gæðaeftirlit á matvörum.
Ákveðið að tveir stjórnarmenn frá ~~Matv.~~ Matvöru

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Drög að frumvarpi til laga um greiðslukortin: Það sjónarmið var talið vega þyngst að notandi kortanna ætti að greiða kostnaðinn, en ekki verzlunin.

5. Fundur með forystumönnum Osta og Smjörs. Júlíus skýrði frá viðræðunum. Em skilningur virtist á því að álagning væri of lág og þyrfti að bæta.. Meira um þetta seinna.

6. Framhjásala heildsala: Dæmi um Nóa h/f fyrir jólin — Vífilfell h/f o.fl. Þar með RÍKISSKIP sem buðust selja barnaheimilum og skólum ýmsar vörur á heildsöluverði.
Æskilegt er að kalla forystumenn hinna ýmsu framleiðenda og heildsala til fundar hér í Kt. og tala yfir þeim.

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið

Hreinn Sumarliðason ritar.

[illegible]
Júlíus Jónsson
[illegible]
Þórhallur Steingrímsson
Magnús Hafsteinsson
[illegible]
Jens Ólafsson

Ár 1989 þriðjudaginn 23 maí kl 10[00] f.h. haldinn sameiginlegur fundur Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana í fundarherbergi K.Í í Húsi verslunarinnar.
Formaður Félags ~~kjötverslana~~ MK Júlíus Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum.
Fyrir var tekið:

1. Verðlagning landbúnaðarvara.

Fundarstjóri greindi frá viðræðum við framkvæmdastjóra Osta og Smjörsölunnar Óskar H. Gunnarsson og sölustjóra Kristinn Guðnason. En hann sjálfur og Guðni Þorgeirsson höfðu rætt verðlagningu ýmissa mjólkurvara, og var það ákveðið að þeim viðræðum yrði haldið áfram.
Inn í þessar umræður kom síðan álagning og niðurgreiðslur á kjöt og mjólk.
Ein verzl. kaupm. Ágúst Guðmundsson í Vörðufelli hafði lækkað verð mjólkur um eina krónu. Hann lýsti því yfir að þessi lækkun hafi verið mistök. Málið síðan rætt frá ýmsum hliðum og þá rætt um hvort ekki væri hagt að lækka kostnað ef upp væri tekin einskonar verktakastarfsemi í sambandi við afgreiðslufólkið. Síðan var rætt um verðlagningu á brauðum og kökum og innheimtu söluskatts.

2. Rannsóknarþjónusta.

Bréf barst frá Rannsóknarþjónustunni um fasta starfssamninga við fyrirtæki í sambandi við þrifnaðar og gæðaeftirlit á matvörum.
Ákveðið að tveir stjórnarmenn frá ~~[illegible]~~
[illegible]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

félagi ræði við dr. Róbert frá Ramsóknar. Þjónustunni við fyrsta hentugleika.

3. Endurvinnsla á öldósum

Rætt um endurvinnslu á öldósum og kaup á hlutabréfum í Endurvinnslunni h/f. Málið rætt og vildu fundarmenn ekki á þann veg að menn séu almennt á móti, því að búðirnar taki við dósunum, en bendu á móttökustöðvar.

Ákveðið að óska eftir fundi með framkvæmdastjóra Magnúsi E. Finnssyni á morgun 24.5. kl 10⁰⁰ f.h.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Ár 1989 mánudaginn 29 maí kl 10⁰⁰ haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana. Formaður Félags ~~matvörukaupmanna~~ kjötverslana Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir tekið eina málið á dagskrá:

Móttaka á tómum gos og öldósum.

Á fundinn mættu 9 stjórnarmenn ásamt umboðsmanni og sölumanni frá Ó. Karlssyni, en þeir selja dósamóttökuvélar. Þeim hafði verið boðið á fundinn. Aðalsteinn Karlsson lýsti móttökuvélinni og gerði grein fyrir vinnslu og móttöku við vélina.

Framkvæmdastjóri K.Í. Magnús E. Finnsson gerði síðan grein fyrir stöðu málsins eins og hún er í dag og hvernig það hefur þróast. Stjórn K.Í. hefur talið æskilegt að við ættum mann í undirbúningsnefnd til að gæta hagsmuna kaupmanna, svo og að K.Í. eignaðist hlut í Endurvinnslunni h/f

Margar spurningar komu fram, sem menn veltu fyrir sér. Rætt um kaup á hlutabréfum í Endurvinnslunni h/f og könnuð afstaða manna.

Í lok fundar taldi Jón formaður að ekki væri hægt að vera á móti því að kaupmenn gerðust hluthafar og taldi rétt að kanna hvort stofnlánasjóðirnir, bankinn og lífeyrissjóðurinn yrðu ekki stofnaðilar til þess að kaupmenn hefðu áhrif.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið
Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1989 fimmtudaginn 22/6 kl 11$^{00}$ f.h. haldinn sameiginlegur fundur Félags kjötverslana og Félags matvörukaupmanna í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar.

Jón Júlíusson formaður Félags kjötverslana setti fundinn og stjórnaði honum. Hann bauð gesti fundarins velkomna, en þau voru dr. Róbert Hlöðversson og Valgerður Ásta Guðmundsdóttir matvælafræðingur en þau eru eigendur Rannsóknarþjónustunnar í Rvík.

Fyrir tekið.

1. Hreinlætis og rannsóknarþjónusta í verslunum.

Róbert og Valgerður gerðu grein fyrir starfi og þjónustu fyrirtækisins, sýndu mjög athyglisverða mynd um hreinlæti og hvernig matvæla bakteríur berast manna á milli. Ákveðið að þau sendu félögunum tilboð um þjónustusamning.

2. Verðlagsmál

Rætt um verðlag og álagningu ýmissa söluvara matvöruverslana. Þar með talið egg og fl.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

Ár 1989 fimmtudaginn 13 júlí kl. 10$^{30}$ haldinn sameiginlegur fundur í stjórnum Félags kjötverslana og Félags matvörukaupmanna í húsakynnum K.Í í Húsi verslunarinnar.

Jón Júlíusson formaður Félags kjötverslana setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir tekið.

1. Hreinlætis og rannsóknarþjónusta fyrir verslanir.

Borist hafði tilboð frá Rannsóknarþjónustunni h/f sem Guðni Þorgeirsson las upp og skýrði. Nokkur umræða varð um málið og eftirtalin tillaga lögð fram:

Tillaga borin upp af Jóni Júlíussyni, formanni Félags kjötverslana og samþykkt samhljóða á sameiginlegum stjórnarfundi í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana, fimmtudaginn 13. júlí 1989.

Félag kjötverslana og Félag matvörukaupmanna telja æskilegt að sem best vöruvöndun eigi sér stað í matvörudreifingu og að hollustu sé í hvívetna gætt, en meðan álagning er svo lág á landbúnaðarvörum, telja félögin að verslunin geti ekki bætt á sig meiri kostnaði en nú er.
Breytist aðstæður verður málið tekið upp á ný.
Einnig hafa stærstu dreifingaraðilarnir eigin rannsóknarstofur.
Heilbrigðiseftirlitið hefur með hreinlætis- og hollustumál að gera.

2. Eftirlitsnefnd á vegum kjötmatsins.

Formaður sagði frá því að ákveðið væri að skipa sérstaka eftirlitsnefnd á vegum kjötmatsins, sem m.a. ætti að hafa eftirlit með sýrustigi í nautakjöti.
Ákveðið að skipa Þórð Jónsson í nefndina.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3. Útsala á dilkakjöti

Þórður Jónsson deildi út og lýsti útreikningi á útsölukjötinu og upplýsti að nú hafa afurðastöðvarnar ekki undan að afgreiða.
Hagkaup og Garðakjör hafa fengið kjöt til sín til að saga niður og hafa því nægar sölubirgðir.
Fundarmenn voru mjög óánægðir með þetta og töldu að með þessari framkvæmd væri verið að mismuna verslunum.

4. Endurvinnsla á áldósum.

Júlíus Jónsson taldi óeðlilegt að sjá tilskrif Verslunartíðinda um dósamálið.
Hann taldi, að skrifin, sem þar birtust væru ekki í þeim anda, sem ávallt hafi komið fram á fundum hjá félögum mat. og kjötverslana.
Málið rætt ítarlega og bent á, að mönnum er frjálst, hvort þeir taka við eða neita að útföldu dósa. Ennfremur hefur stjórn K.Í. samþykkt að aðhafast ekkert í málinu, nema með fullu samþykki stjórna félags mat. og kjöt.
Inn á fundinn barst bréfskeyti, sem límt er inn á næstu síðu.

5. Öryggiskerfi fyrir verslanir.

Guðmundur Júlíusson ræddi um öryggis- og þjófakerfi fyrir verslanir.
Ýmsar gagnlegar upplýsingar komu fram við umræður um málið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson ritari.

Ef 13/7 Kaupmannasamtök Íslands.

Félag matvörukaupmanna og
kjötverslana

Þökkum mótmæli ykkar við
dósamálinu, stöndum með
ykkur.

Kaupm. Vestfjarða.

Móttakandi Jón Júlíusson
form kjötverslana

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18.9.1989.

Sameiginlegur fundur félaga-stjórna matvörukaupmanna og kjötverzlana.

Júlíus Jónsson formaður FMR setti fundinn og stjórnaði honum

Dagskrá.

1. Álagning á mjólk og mjólkurvörur og áskorun í fjölmiðlum á forsætis-ráðherra um að falla frá 1% hækkun á mjólk sem fékkst nýverið.

Engar formlegar óskir hafa borist og er því ákveðið að bíða með ákvarðanir.

2. Endurvinnslan.

Formaður gerði að umtalsefni auglýsingar Endurvinnslunnar um hverjir tækju við umbúðum

Hann spurði hvort félagið ætti ekki að auglýsa að vegna heilbrigðis-sjónarmiða sæju félagar sér ekki fært að taka á móti einnota umbúðum.

Þetta er hér með innfært orðrétt eftir handriti Guðna Þorgeirssonar.

Guðni Þorgeirsson

Hreinn Sumarliðason 2/10.89

Ár 1989 mánudaginn 6 nóvember kl $20^{30}$ haldinn sameiginlegur fundur Félags kjötverslana, Félags matvörukaupmanna og Félags söluturnaeigenda í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunar. Formaður Félags matvörukaupmanna Júlíus Jónsson setti fundinn, skipaði Hrein Sumarliðason sem fundarstjóra og Guðna Þorgeirsson fundarritara.

Mættir 39 félagar.

Dagskrá:

Aðeins eitt mál var til umfjöllunar, en það var kynning og umræða um virðisaukaskatt, sem tekur gildi um næstu áramót.

Framkvæmdastjóri K.Í Magnús E. Finnsson hafði framsögu, fór yfir og ræddi og útskýrði virðisaukaskatt-lögin. Hann bar saman núverandi söluskatt og væntanlegan virðisaukaskatt.

Kaffihlé.

Magnús svaraði síðan mörgum spurningum t.d um bílaeign og starf, um byggingakostnað og fl.

Óskir voru settar fram um að leyfa frjálsa áfengis og bjórsölu.

Síðan ræddu menn um frjálsa verðlagninguna, sem mörgum sýndist vera komin út í öfgar vegna verðsamkeppni.

Ketill Axelsson ræddi ófremdarástand í sambandi við bílastæðamál miðbæjarins og upplýsti að núna væru starfandi 60 stöðumælaverðir með þrem kranabílum í fullu starfi.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Menn ræddu síðan nokkuð um sölustarfsemi í Kolaportinu og spurðu hvernig það stæði að ekki væri fylgst með þessari starfsemi af skattyfirvöldum.

Framkvæmdastjóri upplýsti að skrifstofan hafi marg ítrekað óskað eftir því við söluskattsyfirvöld að þau kæmu málum í það horf að allir sætu við sama borð ~~hvað~~ í sambandi við verslunarbúnað og greiðslu skatta. Þetta er nú í vinnslu hjá Ríkisskattstjóra.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson fundarritari.

Þreinn Sumarliðason fundarstjóri.

Miðvikudaginn 29. nóv 1989 kl. 11⁰⁰ fh var haldinn sameiginlegur fundur stjórna F.M.R. og F.K.

Jón Júlíusson formaður fél. Kjötkaupmanna setti fundinn og stjórnaði honum.
Hann bauð menn velkomna og sagði tilefnið að hittast og ræða saman um eftirtalin atriði:

1. Álagning.
Jón vakti athygli á því að nú um næstu mánaðamót fengju Kaupmenn aftur þetta 1/2 prósent sem af þeim var tekið.

2. Kjötútsalan
Fram kom hjá formanni m.a. að lítill áhugi væri fyrir því að halda fram þessa 14 mánaða dilkakjöti, með 12% skömmtuðum sölulaunum og skerða kanske með því sölu á öðrum kjöttegundum sem gæfu meira af sér.
Við treystum ekki markaðsnefndinni og viljum fá mann frá okkur í nefndina.

3. Sviðin
Þess var getið að fundist hefði „salmonella" í sviðunum og að salan væri dottin niður.
Talað var um að þetta væri einangrað dæmi og ekki ástæða til að gera mikið mál úr. Fram kom að „salmonella" þolir ekki suðu. Því væri helst að varast illa soðin mat.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Endurvinnslumál.
Formaður las bréf frá KÍ þar sem sagt er frá því að L.V. hafi nú endanlega hafnað því að fjármagna kaup á hlutabréfum í Endurvinnslunni h/f.
Boðin eru til sölu hlutabréf allt að 6. miljónum króna.
Formaður lét þess jafnframt getið að þar sem félagið sjálft ætti enga peninga væri þessu hér með vísað til einstaklinga innan félagsins.
Þar að auki vitnaði hann í skriflega skoðun félagsmanna frá 27. júní '89 þar sem fram komi að enginn áhugi væri hjá kaupmönnum á móttökuvélum fyrir dósir né almennt að taka við tómum einnota umbúðum til endursendingar.
Þess var líka getið að forsvarsmenn gosdrykkjaframleiðenda hefðu sagt að þeir myndu aldrei taka til baka tómar dósir. Bílarnir þeirra væru ekki fyrir sorp.

5. Sumarbústaður
Jón Einarsson spurði hvað eigum við að gera við sumarbústaðinn – eigum við að selja.
Fullyrt var að fyrir lægi heimild til að selja hann og var því ekki mótmælt.

6. Ýmislegt
Talað var um að starfsmannafélög og jafnvel einstaklingar fengju að kaupa t.d. Konfekt hjá Nóa h/f – Macintosh hjá Ísl. erlenda. h/f

þetta er illa séð, sem og önnur svokölluð framhjásala.
Rætt var um að salan í Kolaportinu væri vaxandi frá starfandi verslunum og að óljóst væri um skattaskil af þeirri veltu.
Að íþróttafélög væru aðgangsharðari nú en nokkru sinni áður í sölu á allskonar dagvöru beint í heimahús.
Að kominn væri markaður (Bónus), í iðnbúð 8, í Garðabæ á vegum Bassa h/f með opið frá kl 5–10. og
Að fyrirtækið Íslensk dreifing væri að selja sömu vörurnar í Kolaportinu á laugardögum og til kaupmanna aðra daga.
Þess var óskað að skrifstofa KÍ sæi um að senda ljósmyndara – (Guðna eða Jón Birgi) á staðinn til að afla sannana.
Síðan skýrði formaðurinn frá því að þegar búðir í Kópavogi og Mosfellsbæ hefðu komist í eigu Nóatúns þá hefði það hætt að hafa opið á sunnudögum, og það hlyti að vera vel séð meðal „kolleganna".

Fleira ekki fyrir tekið
fundi slitið

Sveinn Snorrason [signature]
fundarritari

Á fundinn mættu 11 félagsmenn.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 19. des. 1989 kl. 10⁰⁰ f.h. var haldinn sameiginlegur stjórnafundur FMR og KÍ.
Gestur fundarins var Lýður Friðjónsson framkvæmdastjóri Vífilfells hf.

Formaður FMR Júlíus Jónsson setti fundinn og stýrði honum, tilnefndi hann Hrein Sumarliðason sem fundarritara.

Tólf stjórnarmenn voru mættir.

1. Formaður FMR gerði grein fyrir tilefni fundarins sem var sameiginleg auglýsing Vífilfells hf og Hagkaups hf á hugmynda-samkeppni um nýtt nafn í stað orðanna „six pack" –
Í þessari auglýsingu væri dreginn taumur Hagkaups á kostnað félagsmanna okkar. Júlíus bað framkv.stjóra Vífilfells hf Lýð Friðjónsson að skýra fyrir fundarmönnum hvernig þetta væri hugsað af hálfu fyrirtækisins

Lýður hóf mál sitt á því að þakka fyrir fundarboðið og það tækifæri sem gæfist til þess að ræða sameiginleg áhugamál sem væri jú aukin sala á COC.
Helst fannst honum of langt síðan hann hefði hitt hópinn síðast en hann tók fram að samstarf hefði verið gott.
Hann sagði að Hagkaupsmenn hefðu átt hugmyndina og komið með hana og þeim hjá Vífilfelli litist vel á hana og þeir Hagkaupsmenn kosta þetta í samvinnu við veitsleða umboðsmann.
Lýður sagði ennfremur að sér hefði fundist þetta þeim mun betra sem ljóst væri að Vífilfelli hf hefði alla tíð gengið illa að fá viðunandi viðtökur hjá Hagkaup – svo sem hillurými eða þess háttar.
Hann sagði ennfremur að Vífilfell vildi gjarnan færa sig dálítið úr beinum auglýsingum yfir í svona keppnir og sameiginleg söluátök.
Sprite keppnin hefði t.d. gengið mjög vel og þeir vildu gera fleiri slíkar atrennur og þá gjarnan í samvinnu við KÍ.
Við getum í ár státað af söluaukningu þegar flestir tala um samdrátt.
„Six pack" er þægileg sölueining og við viljum gjarnan gera átak með ykkur í að selja það.

Jón Júlíusson spurði þá hvort þeir væru tilbúnir að láta okkur (KÍ) hafa „six pack" í dósum í 4 mánuði t.d. fyrir verzlunarmannahelgi og að Hagkaup yrði þá ekki með.

Lýður sagði þetta má alveg athuga vel en ekki í 4 mánuði, það er of langur tími – það missir marks – það er betra oftar og í styttri tíma, sem
Um verðsamkeppnina sagði hann að þeir hefðu þurft að borga með sér um tíma.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um samstarf Vífilfells og Hagkaups sagði hann m.a.
Við eigum saman hlut í Kringlunni ásamt Skeila forvaldar þar sem eru skyndibita staðir – það var bara fjárfesting eins og að kaupa Vilessskuldabréf
Um vatnssölu til útlanda vísaði hann í kunningsskap hans og Sig. Gísla Pálmasonar og kaupin á Stöð 2. voru óþrágengin.
Jón Jól spurði um áhuga þeirra fyrir bjór. sem hann svaraði þannig
Ein bjórverksmiðja getur gert það gott. hvar myndu fóra en
þrjár væru eins og nýtt loðdýra æfintýri

Svo dreifðist umræðan og Jón Jól sagði:
Við höfum fengið vilyrði um samstarf en við þurfum að hafa fremstu röð.
– er það ekki rétt.?
Sigfús: við höfum líka gott starfsfólk sem gæti aðstoðað.

Fram kom að sala á framleiðsluvörum Vífilfells skiptist þannig eftir bókum fyrirtækisins. að

17–18% væri selt í stórmörkuðum
28–29% — stærri verslunum
40–50% — – söluturnum og um
5% — – sjálfsölum en

þeir væru ninna um 500 talsins og væri beint að „þessum stöðum" þar sem ekki væru fyrir seljendur eða mjög langt í þá.
Umræða snerist nú um hversvegna

þeir hættu ekki að keyra gos í Vinnustaði og var vel tekið undir hugmyndir um að stokka lágmarkspantanir, þannig að þessi viðskipti þurrkuðust út.

Þegar hér var komið fundi, kvaddi Sigfús og Júlíus þakkaði honum komuna

Nú voru önnur mál til umræðu.
Þórhallur spurði, á að vera opið á aðfangadag sem er sunnudagur engin kaupmálist [illegible] fyrirætlanir um það.

Rætt var um 5% staðgreiðsluafslátt þann sem sumar verslanir bjóða.
Jón Jól lagði til að skrifstofan yrði fengin til þess að reikna út nákvæmlega áhrif slíks staðgreiðsluafsláttar á meðalstóra búð, og finna út hvort mikill munur á honum og greiðslukorta viðskiptum.
Sumir héldu því fram að raunkostnaður kortaverslunar væri hátt í 5% og ef svo væri, þá væri ekki spurning um að betra væri að fá peningabaga greiðslu strax.

Fram kom að enn einu sinni komi samstarfsnefndin um sölu dilkakjöts með Þórhall Arason í broddi fylkingar með nýtt tilboð þar sem álagning kaupmanna er ákveðin 12% – þrátt fyrir marggefin loforð um að „nú" verði sölulaunin hækkuð. Sjálfir væru þeir við sögumina búnir að tryggja sér 15.1% Þyngdarrýrnun. Hvað eigum við að gera.?

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Rætt var um frásögn neytendasíðu D.V. af misræmandi verði á gerkökum bláberjum þar sem blaðið kallaði ískyggilega réttu máli og það ekki í fyrsta sinni. Fram kom að oft hefði verið rætt við þann sem skrifar síðuna um óvönduð vinnubrögð hans, en alltaf án árangurs. Réttast væri nú að undir-strika óánægju kaupmanna með því að stefna blaðinu eða með því að kaupmenn hætta að selja blaðið — það myndi vekja eftirtekt.
Mikill hiti var í fundarmönnum en engin ákvörðun var tekin um aðgerðir.

Fleira var ekki fyrir tekið og fundi slitið um kl 12⁰⁰

Hreinn Sumarliðason ritari.

1990
Miðvikudaginn 17. janúar kl 10³⁰ fh. var haldinn sameiginlegur stjórnafundur F.M.R og F.K.

Júlíus Jónsson form FMR setti fundinn og stjórði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna til þessa fyrsta fundar á árinu.

11 manns voru mættir að meðtöldum starfsmönnum KÍ.

1. mál formaðurinn hafði í gær beðið skrifstofuna um að leggja fram á þessum fundi útreikninga á því hve staðgreiðslu-afslætter frá heildsölum og framleiðendum til kaupmanna þyrfti að hækka mikið, nú eftir tilkom VSK- til þess að vega jafn-mikið og áður.
Gísli Þorgeirsson, skrifstofustjóri gerði grein fyrir því áliti að hér væri um 1.7% til 2% stig að ræða. Lagði hann fram ljósrit af útreikningum frá Pétri í K-inu máli sínu til stuðnings.
Fundarmenn voru óánægðir með þá útreikninga og spurðu hversvegna KÍ hefði ekki gert sjálfstæða athugun á þessu.
Svar Gísla var á þá leið að framkv.stjóri KÍ hefði verið upptekinn meirihluta dagsins í gær á fundi og í samningum vegna félags bókaverslana.
Jón Júl: sagði, við báðum um þetta í gær og við köllum saman marga menn frá vinnu sinni, hingað núna og þá liggur ekkert fyrir, nema þetta frá

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Pétri sem okkur nýtist ekkert
Júlíus: við tökum þetta bara af dagskrá við komumst ekki lengra
Jón-arthur: Við fáum ekki út úr skrifstofunni það sem við þurfum og spyrja má, getum við matvörumenn ekki fengið einn af starfsmönnum KÍ til þess að vinna bara fyrir okkur?
Máni: Já er nokkuð óeðlilegt við það.
Guðni svarar og vekur athygli á því að mikið sé unnið fyrir matvöruna, en það sé líka mikið um verkefni frá öðrum félögum
Jón Þél: Eigum við ekki að halda okkur við kröfuna um 2% bakkum afsláttar?
Jens Ólafsson: Hvað borgum við fyrir þjónustuna hjá Kísu, er það ekki 40% af afslættinum, það er alltof mikið.
Síðan var rætt um korta málin og Jens lýsti því yfir að korta hlutfallið væri óbreytt hjá sér þrátt fyrir 5% staðgreiðsluafslátt en salan í heild hefði aukist og hann fengi betri kúnna
Júlíus: Hafið þið athugað að sölulaun á mjólkurlítra lækkuðu um áramótin um eina krónu og að ísinn lækkaði úr 42% í 35%
Jón Þél: Hvað kosta kortin okkur og við þyrftum að láta reikna það út hvort við getum ekki gefið 5% staðgreiðsluafslátt eins og Grundarkjör og svo þyrftum við að mölva álagninguna um svona 2%
Svo nefndi hann læni um

vel staða eldri borgara sem fengju 5% afslátt vegna aldurs en engir öryrkjar sem koma á eftir — ekki neitt.
Síðan var rætt um að Þórhallur Arason væri hættur, sem tengill í Kjötsöluátakinu og að loforð um hærri sölulaun væri margsvikin og að ekki væri hægt að dreifa þessu með 12% ál. um nauðsyn reiknilíkans fyrir matvöruverslun sem til væri í tölvu og hægt væri að mata á öllum breytingum sem síðan sýndi um áhrif þessara þ.e. breytinga hverrar fyrir sig á heildarútkomuna.
Guðjón sagði S.S. fá skammir fyrir að senda út óverðmerktar vörur og því væri skiljanlegt þegar framleiðendur senda út verðlista þrátt fyrir óskir félagsins um hið gagnstæða.
Guðni sagði ennþá þið ekki komnir með efni í félagsfund.
Og enn var rætt um vöruinnkaup og ágengni sumra við að troða vörum inn í búðirnar eftirlitslítið —
Jón Þél: vakti máls á hugmyndum um að FK – FMR og FSE. héldu sameiginlega stjórnarfundi næsta starfsár.
Máni: taldi að það myndi lengja og tefja fundi.
Svo var rætt um verðkannanir og að verzlunin væri alltaf á milli tannanna á fólki og á milli í hagsmunatogstreitu verkalýðsfélaga og stjórnvalda.
Það var einnig sagt og ítrekað aftur að

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á okkar fulltrúa verslunarinnar að er ekki hlustað nema við getum lagt fram gögn. Við þurfum að eiga þetta allt í tölvu, alla statistik og geta skrifað út hvenær sem er.

Helgi Baldursson gerði gott verk og það þyrfti að halda áfram það.

Máni spyr: hvað um að minnka kostnað með styttri opnunartíma. Guðna var falið að kanna um viðhorf V.R. til 10 opnunar á morgnana. Hvernig funkerar þetta í Kringlunni og Miklagarði?

Svo er það dósamálið nú er fundur í Fulltrúaráði á morgun – hvaða veganesti fáum við sem mætum þar frá þessum fundi

Jens Ól. segir við höfum ekki fengið að ráða neinu í því.

Júlíus segir: það hefir verið gengið þvert á okkar vilja í þessu máli.

Guðni: segir það voru tveir fulltrúar matvörunnar í framkvæmdastjórn sem vísuðu veginn í upphafi.

Júlíus spurði svo: nú er bráðum ár síðan bjórinn kom hvað um að ítreka nú óskir um að fá hann inn í búðirnar. Að lokum lýsti hann þeim vilja að fresta hækkun á plastburðarpokum til 1. marz n.k. samþ.

Fundi slitið kl. 12.30.

Hreinn Sumarliðason ritari

Ár 1990 Föstudaginn 9 febrúar kl. 10.30 haldinn sameiginlegur stjórnarfundur FMR og FK.

Formaður FMR Júlíus Jónsson setti fundinn og stýrði honum. Tilnefndi hann Hrein Sumarliðason ritara.

Fyrir var tekið

1. Helgi Baldursson viðskiptafræðingur sagði að ósk hefði komið um að gert yrði reiknilíkan af meðalstórri verslun þar sem tölvuútskrift gæti hverju sinni sýnt hvaða áhrif verða af einstökum breytingum, t.d. hækkun eða lækkun álagningar á mjólk – aukningu eða minnkun ákveðinna vöruflokka svo og áhrifum hins nýja V.S.K.

   Helgi var beðinn að gera frumtillögu til þessa, sem að mestu er byggð á kennitölum sem hann vann fyrir matvörukaupmenn á tímabili í fyrra og fullgerði í fyrra. Menn ræddu efnið með skýringum Helga og voru almennt mjög áhugasamir um að vinna þetta betur. Fram kom hugmynd um að stofna vinnuhóp til að drífa málið áfram

2. Nú kom Vilhelm Andersen, fjármálastjóri M.S. á fundinn og bauð fundarstjóri hann velkominn, sagði Júlíus tilefni þess að Vilhelm væri boðinn til fundarins vera þær breytingar sem orðið hefðu með tilkomu VSK. Nú söfnuðust upp peningar hjá MS sem

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kaupmenn leggðu til, en MS þyrfti ekki að skila strax og þar með vaknaði spurning um hvort fresta mætti greiðslu innskattsins (VSK) til skila lags eða hvort nú væri ekki komin tími til að M.S. færi að gefa staðgreiðsluafslátt?

Vilhelm sagðist skilja vel viðhorf kaupmanna sem færu illa útúr þessari fjárbindingu. Við viljum gjarnan skoða þetta mál sagði hann og til að byrja með erum við að fá inn peninga sem við höfum ekki haft áður.

Ein við nánari skoðun kemur í ljós að við greiðum VSK. til bænda af 52 kr á sama tíma og við seljum ykkur á 46 kr svo að dæmið hefir snúist við og við þurfum á tilteknum tíma að greiða 15 miljónum meira en við innheimtum

Það eru bændurnir sem safna þessu fé því þeir þurfa ekki að skila því fyrr en 1. sept. Og m.a. út á þetta sætta þeir sig við óbreytt afurða verð.

Þetta mun hinsvegar breytast, en ekki fyrr en að ári liðnu.

Nú hófust almennar umræður og þá kom m.a. hvort greiða mætti VSK innskattinn með kortaseðlum – hvort ekki væri best að losna alveg við kortin hvort ekki mætti fresta skilum til bænda að sumir heildsalar hefði hækkað staðgreiðslu-afsláttinn til kaupmanna

– rætt var um brauðgerð M.S. svo og ísgerðina og þess getið sem jákvætt mætti teljast að nú hefði M.S. ákveðið

að takmarka við 1800 kr sem lágmarks-pöntun t.d. á mánuneyslum og síðan hækkaði þetta lágmark í 3600. L. í haust og aftur enn seinna. Þetta gæti leitt til aukinnar verslunar í búðum félagsmanna.

Formaður tekur máls á því hvort ekki mætti endurvekja plastbakka-samkomulagið sem fól í sér að kaupmenn skili bökkunum og fái í staðinn endurgjald.

Vilhelm svaraði því til að hann gæti ekki lofað því en hann myndi hafa sjónarmið kaupmanna og sagði M.S. tilbúið að skoða málið aftur. Þetta vitnaðist hinsvegar og það skapaði ný spursmál.

Júlíus taldi að opnað hefði verið hurð til betra samkomulags. Vilhelm kvaddi og þakkaði tækifærið til að ræða málin.

3. Júlíus sagði frá upplýsingunni frá Halldóru Rafnar fyrir hönd Krabba-meinsfélags Rvk varðandi heilsuátak félagsins sem fyrirhugað er. Erindi hennar var að leita samstarfs og stuðnings kaupmanna með að selja muni o.þ.h. vörur – helst fyrir ekki neitt í mars mánuði n.k. Menn voru sammála um að þetta væri málefni hvers og eins, en sem félag og út á við – værum við jákvæðir

4. Formaður lét þess getið að 1. mars ættu plastpokarnir að hækka í 6. krónur.

Nú upphófst mikið þras um hvort ekki ætti að segja upp samningnum við Landvernd og láta aðra njóta ávaxtanna.

Ingibjörn upplýsti að framkvæmdastjórn KÍ hefði ákveðið að framlengja núverandi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samning um eitt ár.
Einhver sagði að þegar útlitinu fór fram s.l. haust hafi lítið borið á nafni KÍ og þyrfti það að breytast
Formaður upplýsti nú að Jóhannes Jónsson hefði flutt erindi fyrir hönd KÍ á ráðstefnu um landbúnaðarmál. Hefði það verið vandlega undirbúið og vakið athygli – en espað bændur.
Jón Einarsson spurði hvort menn hefðu áhuga á að KÍ léti hanna skilti, þar sem tilkynnt væri að búðarþjófnaður yrði skilyrðislaust kærður.
Ákveðið að biðja skrifstofuna um að afla upplýsinga um kostnaðarverð á ýmiskonar þjófavarnarbúnaði.
Að lokum voru skipaðir til starfa með Helga Baldurssyni í hagskýrslunefnd þeir. Þórður Jónsson
Máni Ásgeirsson og
Ingibjörn Hafsteinsson

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Hreinn Sumarliðason fundarritari

Sameiginlegur fundur stjórna F.M.R. og F.K. var haldinn í húsnæði KÍ. 15.3.1990 kl. $10^{30}$ f.h.

Formaður F.M.R. Júlíus Jónsson, setti fundinn og stýrði honum.

Gestir fundarins voru Baldur Jónsson sölustjóri M.S. og Georg Hauksson frá brauðgerð M.S.

Fyrir var tekið:
1. Umræða um álagningu brauða og frétt í D.V. um verðlagningu og afslátt tiltekinna verzlana á þessari vöru.
Óróleiki meðal kaupmanna út af fréttinni og tillögur um að hætta að verzla með þessar vörur. Júlíus óskaði eftir skýringum frá fulltrúum M.S.
Baldur sagði við metum þetta svo að hér sé um sjónarspil að ræða hjá umræddri verzlun, og taktík og klókindi hennar við að ná sér í ódýra auglýsingu.
Það er af og frá að við bökkum þetta upp. Afsláttur fæst í brauðgerðinni en allir geta fengið hann. Georg bætti við að þessi frétt væri ekki frá þeim komin.
Jens Ólafsson sagði að það hlyti að vera orðið tímabært að boða þennan Pál „hjá DV" hingað til fundar við okkur.
Baldur upplýsti að Bónus hefði komið til þeirra eftir áramót og farið fram á betri kjör afslátt og endursendingarheimild, sem hann hefði fengið tímabundið til 2ja mánaða. Sá tími væri nú liðinn og óljóst um árangur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ingibjörn spurði um endursendingarrétt inn og fékk þau svör frá Baldri að nú gildi fullur endursendingarréttur fyrir alla ásamt 5% staðgreiðslu afslætti.

Síðan ræddi hann um kerfi það sem var á sínum tíma í gildi varðandi söfnun og endursendingu á plastbökkum undan jógúrt o.fl. það sem þóknun til F.M.R. í orlofshúsasjóð hefði komið í staðinn.

Þetta kerfi hefði verið stopp um tíma en hann tilkynnti að þeir (MS) væru tilbúnir að senda þessa aura nú í eitt skipti án þess að upphæð væri tilgreind og tók sérstaklega fram að Guðni Þorgeirsson mætti innheimta framlagið.

Nú fóru þeir Baldur og Georg af fundi

2. Skipulagsmál:

Júlíus gat þess að framkvæmdastjórn KÍ óskaði eftir því að stjórnir FMR og FK fjölluðu um tiltekin atriði skipulagsmála sem KÍ hefðu fengið til umsagnar.

Varðandi heimildir borgaryfirvalda til leyfis reksturs matvöruverslana á athafnasvæðum eða annarsstaðar utan skipulagðra verslunarlóða. Las hann upp tillögu að svari til framkvæmdastjórnar KÍ og verður hún límd inn hér á næstu síðu.

Síðan var orðið gefið laust til umræðu um tillöguna sem Júlíus mæltist að yrði samþykkt. Gunnar Snorrason var sammála efni tillögunnar og Ingibjörn sagði það hart að þetta bitni á „okkar" manni, ekkert bréf hafi komið frá skipulagsnefnd útaf Hagkaup eða Miklagarði á sínum tíma

---

Sameiginlegur fundur stjórna FMR og FK
haldinn 15. mars 1990 í Rvk.

Leggur áherslu á það að framkvæmdastjórn Kaupmannasamtakanna, hviki í engu frá áratuga stefnu sinni varðandi hömlur á rekstur matvöruverslana, utan skipulagðra og samþykktra verslunarlóða.

Mælt er með því að í umsögn KI um framkoma tillögu, - varðandi matvöru~~rekstur~~ verslun í athafnahverf~~inu~~ um - verði tekið undir efni tillögunnar svo og bókun Jóns Júlíussonar frá 22. janúar s.l. um sama mál.

Jafnframt sé vakin athygli á því að um margra ára skeið hafi viðgengist rekstur matvöruverslana með bráðabirgðaleyfi borgaryfirvalda, í athafnahverf~~inu~~ um og sé þess óskað enn einu sinni að þau verði ekki endurnýjuð.

[signature] Júlíus Jónsson.
[signature]

Samþ. m/. 16 atkv.
enginn á móti: Rit.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar drútar að bráðabirgðaleyfi til Hagkaups í Skeifunni og Miklagarðs sem slæmur kostur sem við höfum mótmælt en ekki fengið ráðið við.

Menn voru samt sammála um að það réttlætti ekki fleiri bráðabirgðaleyfi. Máni sagði það er útilokað annað en að samþykkja tillöguna. Dæmi var tekið um Gunnlaugsbúð í Grafarvogi sem er í nýupphafslegri uppbyggingu og hve fráleitt væri að leyfa einhverjum að verzla rétt við brúna í flöskuhálsinum.

Ágúst: við erum sammála.

Síðan var tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 16. atkvæðum allra fundarmanna, enginn var á móti.

Að atkvæðagreiðslu lokinni ítrekaði Ingibjörn það sjónarmið að útfærslu tillögunnar verði fylgt vel eftir, og kannski mætti það vera einum harðorðaðra og jafnframt að „reglur“ gildi ekki bara þegar „risunum“ hentar.

3. Nói og Síríus: Markaðsstjóri fyrirtækisins Sigurður B. Sigurðsson kom nú inn á fundinn og formaður gat þess að fundarmenn vildu ræða við hann um framhjásölu á konfekti og páskaeggjum, nefndi jafnvel nokkur dæmi og þrálátan orðróm um að hver sem er geti keypt í heildsölu hjá þessu fyrirtæki.

Sumir sögðu búðirnar vera sýningarbás handa almenningi sem síðan verzlaði beint við framleiðandann, og þegar talað væri um páskaegg þá mætti engu skila.

Sigurður frá Nóa svaraði framkominni þannig: Fyrirtækið Nói og Síríus hefur í gegnum tíðina selt jólakonfekt til fyrirtækja, en fyrir nokkrum árum hafi orðið stefnubreyting hjá þeim og stefnt sé að því að hætta þessu.

Það sé m.a. gert með því að þessi sala sé verðlögð á milliverði sem sé stig·hækkandi og hafi þróast í það að hafa minnkað um 45%. Þeir hafi hinsvegar ekki treyst sér til að hætta þessu með einu pennastriki.

Hann sagði hinsvegar að almenningur ætti engan aðgang að þeim og að varðandi páskaeggin, þá væru þau einungis seld til verzlana. Um skilarétt á þeim sagði hann; við getum ekki; afhent markaðnum fullt frelsi um þetta, en í staðinn höfum við sérútbúinn lager til geymslu á þeim og við bjóðum kaupmönnum afgreiðslu eftir hendinni, jafnvel á laugardögum, eða á kvöldin, svo þið þurfið ekki að safna á lager. Við vonumst gott samstarf við kaupmenn, við þurfum jafn mikið á þeim að halda sem þeir á okkur.

Við viljum forðast mistök, sem því miður geta kannski gera orðið, en meginreglan er að við metum kaupmanninn.

Að svo mæltu gaf fundarstjóri orðið laust og menn skiptust á skoðunum.

Ingibjörn fagnaði framkomnum skýringum og spurt var út í samning K-kaupmanna og Sigurður B. lýsti því yfir að þeir sem pöntuðu viðbót af eggjum á þriðjudag fyrir páska fengju sömu kjör og á fyrri

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurstaðan er að tilkynna framkvæmdastjórn KÍ að stjórnirnar mæli ekki með leyfisveitingunni.

Samþ. samhljóða.
12 fundarmenn

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Sveinn Sumarliðason, ritari

---

Sameiginlegur fundur stjórna F.M.R. og F.K. ásamt stjórn FSE, var haldinn í húsnæði KÍ þriðjudaginn 24.4.1990. kl. 11⁰⁰ f.h.

Formaður F.K. Jón Júlíusson setti fundinn og stýrði honum.

Fyrir var tekið

1. Beiðni framkvæmdastjórnar KÍ um umsögn FMR - FK - og FSE. um bréf borgarstjórans í Rvk varðandi umsókn um leyfi til mjólkursölu í kvöldsölu að Stórumýri 2. Rvk.

Afrit bréfsins verður límt inn hér á eftir.

Jón Júlíusson formaður F.K. reifaði málið lýsti sinni skoðun og gaf síðan orðið laust til umræðna.

Sveinbjörn Kristjánsson formaður FSE sagði þá söluturnamenn hafa rætt saman í gær og þeirra álit væri að ekki bæri að breyta þeim reglum sem í gildi eru í dag, það yrði ekki til velfarnaðar.

Sig. Guðjónsson fyrrverandi formaður FSE tók í sama streng og sagði um leið og mjólkin væri komin myndi einhver vilja fá kartöflur líka.

Margir tóku undir þessi sjónarmið og að lokum var samþykkt samhljóða að tilkynna framkvæmdastjórn KÍ að stjórnirnar mæli ekki með leyfisveitingunni.

Tólf fundarmenn voru mættir.

Umræður um önnur mál voru stuttar. fundi slitið

Sveinn Sumarliðason ritari

Jón Júlíusson     Sveinbj. Kristjánsson

[illegible] Guðmann

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þöntunum. og voru fundarmenn mjög ánægðir með það.

4. Löggildingarstofan. Formaður sýndi gíróseðil frá löggildingarstofunni og gagnrýndi vinnubrögð og verðlagningu stofnunarinnar og tóku fundarmenn undir það. Skrifstofu KÍ falið að kanna málið og ekki síst, hvort verð-hækkun þjónustunnar hjá löggildingunni væru ekki úr takt við samkomulag kjarasamninganna um að ekkert megi hækka. (dæmi um plastpokana).

5. Spurt var hvort Guðni hefði tilbeðnar umbeðnar upplýsingar – frá síðasta fundi um þjófavarnir.
Vegna fjarveru Guðna var fyrirspurninni frestað til næsta fundar.
Rætt um að boða fulltrúa Vífilfells hf. til fundar og eða Söl. HF og fá Höskuld eða Ólaf Ragnar vegna leyfis til að selja létt vín og bjór.

6. Ákveðið að halda aðalfund félagsins 27.3. nk.

Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

Sveinn Sumarliðason, ritari

Sameiginlegur fundur stjórna F.M.R. og F.K. ásamt stjórn FSE, var haldinn í húsnæði KÍ þriðjudaginn 24.4.1990. kl. 11°° fh.

Formaður F.K. Jón Júlíusson setti fundinn og stýrði honum.
Fyrir var tekið
1. Beiðni framkvæmdastjórnar KÍ um umsögn FMR – FK – og FSE. um bréf borgarstjórans í Rvk varðandi umsókn um leyfi til mjólkursölu í kvöldsölu að Starmýri 2. Rvk.
Afrit bréfsins verður límt inn hér á eftir.
Jón Júlíusson formaður F.K. reifaði málið lýsti sinni skoðun og gaf síðan orðið laust til umræðna.
Sveinbjörn Kristjánsson formaður FSE sagði að söluturnamenn hafa rætt saman í gær og þeirra álit væri að ekki bæri að breyta þeim reglum sem í gildi eru í dag, það yrði ekki til velfarnaðar.
Sig. Guðjónsson fyrrverandi formaður FSE tók í sama streng og sagði um leið og mjólkin væri komin myndi einhver selja þá kartöflur líka.
Margir tóku undir þessi sjónarmið og að lokum var samþykkt samhljóða að tilkynna framkvæmdastjórn KÍ að stjórnirnar mæli ekki með leyfisveitingunni.
Tólf fundarmenn voru mættir.
Umræður um önnur mál voru stuttar. fundi slitið
Sveinn Sumarliðason ritari

Jón Júlíusson
Sveinbj. Kristjánsson
[signature] Kristinsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Niðurstaðan er að tilkynna framkvæmdastjórn KÍ að stjórnirnar mæli ekki með leyfisveitingunni.

Samþ. Samhljóða.

12 fundarmenn

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. apríl 1990
GE/KK

Kaupmannasamtök Íslands,
b.t. hr. framkv. stj. Magnúsar Finnssonar,
Kringlunni 7,
Reykjavík.

Á fundi borgarráðs í gær var lagt fram bréf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar frá 19. þ.m. varðandi umsókn um leyfi til mjólkursölu í kvöldsölu að Starmýri 2.

./. Borgarráð samþykkti að vísa erindinu til Kaupmannasamtaka Íslands.

Davíð Oddsson.

ÞRIÐJUDAGINN 22/5 '90 ER SAMEIGINLEGUR FUNDUR HJÁ FÉLAGI MATVÖRUVERZLANA OG KJÖTVERZLANA.

FUNDINN SETTI JÚLÍUS JÓNSSON KL 10³⁰

MÆTTIR ERU, JÚLÍUS, JÓN E, MÁNI, ÁGÚST, KRISTINN, GUÐMUNDUR, SVEINN, JÓN JÚLL, GUÐJÓN G.
FUNDINN SITUR GUÐNI Þ.

FYRIR VAR TEKIÐ.

1. SAMÞYKKT, AÐ FELLA NIÐUR AFSLÁTT TIL ELDRI BORGARA. EKKI HEFUR VERIÐ AFSLÁTTUR TIL ÖRYRKJA EÐA EINSTÆÐRA FORELDRA.
SAMÞYKKT AÐ GUÐNI Þ. HAFI SAMBAND VIÐ ÞÁ KAUPMENN SEM VEITA ÞENNAN AFSLÁTT.

2. SAMSTARFSHÓPUR UM SÖLU Á LAMBAKJÖTI (ÞÓRHALLUR ARASON) BÝÐUR FÉLAGSMÖNNUM INNAN K.Í. AÐ AUGLÝSA FYRIR EINA MILLJÓN, OG GREIÐA SAMTÖKIN 65% EN KAUPMENN 35%
SAMÞYKKT AÐ HVER VERZLUN FÁI AÐ AUGLÝSA FYRIR FIMMTÍU ÞÚSUND.

3. FUNDURINN SAMÞYKKIR AÐ KORTAFYRIRTÆKIN SJÁI ALFARIÐ UM ALLAN KOSTNAÐ VEGNA BEINLÍNU TENGINGAR Á KORTAVIÐSKIPTUM.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Fundurinn samþykkir að skrifstofan láti útbúa spjöld fyrir kaupmenn til að hengja upp, til varnaðar þjófnaði í verzlunum. Gunni sér um framgang málsins.

5. D.V.
Fundurinn lýsir yfir áhuga að fá Ellert Schram á fund vegna neikvæðra verðkannana hjá D.V. undanfarin ár, hefur þessi áhugi komið til tals áður, nú er hann vegna grænmetisverðs og ávaxta.
Ávaxtaheildsalar eru einnig óánægðir, og reynt verður að fá þá til fundarins. Halda þarf fundinn fljótlega.

6.
Júlíus fer á vegna flokkunar sorps.

7. Opnun verzlana á sunnudögum.
Fundurinn óskar eftir að Gunni og Magnús ræði við Þröst Ólafsson vegna opnunar Miklagarðs á sunnudögum.

Fundi slitið. Kl 12[30]

Ágúst Ludv.

Þriðjudagur 26/6 '90.

Fundur hjá Mat + Kjöt.

Fundur settur kl. 11[10]
Fundinn setti Jón Júl.

Mættir eru. Jón Júl, Júlíus, Jón Einars, Þórhallur, Ingibjörn, Þórður, Guðjón G, og Sveinn. + Ágúst
Fundinn situr Hreinn Sumarl. KÍ

1. mál.
1. júlí tekur reglugerð gildi, varðandi vinnsluaðferðir frá afurðasölum, kaupmenn fá ekki að skila til afurðastöðvanna vörum sem loft hefur komist að, frá 1. júlí.
Fundurinn mótmælir þessu harðlega.

2. Opnun á laugardögum, festir með opið til 13[00] eða 14[00]

3. Afsláttur til eldri borgara tekið fyrir síðar.

4. Grænmetismálin rædd og D.V.
Fundi slitið kl. 12[15]

Ágúst Ludv.

P.S. Allmennur* (Ráðstefna NKK.) fundur kaupmanna verður haldinn í Helsingfors þann 16/10–23/10 –90.

Jón Júl. Júlíus

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

80. gr.

80.1. Leyfishafa er heimilt að taka gjald af gestum, sem tjaldsvæði nota, til þess að standa straum af kostnaði m.a. við sorphirðu, þrif, hreinsun, gæslu og rekstur. Upphæð gjalds skal miða við þjónustu og aðstæður hverju sinni.

81. gr.

81.1. Að öðru leyti skal gæta 3. gr., 9. gr. og 15. gr. þessarar reglugerðar, lögreglusamþykkta, ákvæða laga og reglugerða um náttúruvernd svo og annarra laga og reglugerða sem um þetta efni gilda fyrir sveitarfélagið eða landið allt.

## X. KAFLI

### Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara.

### A. Almenn ákvæði.

82. gr.

82.1. Öll framleiðsla og meðferð matvæla og annarra neysluvara, sem ætlaðar eru til sölu eða dreifingar, þar með talin upphitun á matvælum, skal háð leyfi heilbrigðisnefndar sem getur gert ákveðnar kröfur um hreinlæti og aðra aðstöðu, til þess að tryggja að matvæli verði ekki fyrir mengun eða skemmist á annan hátt.
Við tilbúning og dreifingu á matvælum, neyslu- og nauðsynjavörum, skal gæta þess hreinlætis og þeirrar varkárni, að varan óhreinkist ekki til skemmda eða spillist á annan hátt.

82.2. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur má ekki hafa á boðstólum né dreifa manna á meðal, þegar þær geta talist miður hæfar til neyslu eða notkunar vegna hættulegra breytinga, skemmda, óhreininda eða af öðrum ástæðum.

82.3.1. Rannsóknir á matvælum sem gerðar eru vegna eftirlits samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit skal framkvæma á rannsóknastofum, sem nota aðferðir, sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir.

82.3.2. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið að matvæli og aðrar neysluvörur, sem samkv. 82. gr. eru óhæfar eða miður hæfar til neyslu, verði eyðilagðar eða á annan hátt gerðar óskaðlegar á kostnað eiganda eða framleiðanda.

82.4.1. Heilbrigðisnefnd getur einnig fyrirskipað, að matvæli og aðrar neysluvörur skuli seljast innan tiltekins tíma, t.d. eftir sérstaka meðferð og með sérstakri yfirlýsingu eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

82.4.2. Framleiðendum viðkvæmra matvæla er óheimilt að taka við slíkum vörum, sem sölu- og dreifingaraðili óskar að endursenda til framleiðanda.

82.5.1. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, teljast hafðar á boðstólum á dreifingarstað, sé þær þar að finna.

82.5.2. Matvæli, neyslu- og nauðsynjavörur, sem finnast kunna á framleiðslustað eða í húsakynnum viðkomandi framleiðslustaðar, sem slíkar vörur framleiðir, skulu taldar framleiddar þar nema annað sé sannað.

82.5.3. Bannað er að geyma ónothæf tæki eða áhöld á framleiðslu-, dreifingar- eða sölustöðum og matvælageymslum fyrirtækja eða annað sem ekki tilheyrir starfseminni.

82.6. Við tilbúning á matvælum og öðrum neysluvörum, sem bjóða á til sölu eða hafa á boðstólum eða dreifa manna á meðal má ekki nota önnur aukefni en þau, sem leyfð eru í gildandi lögum og reglugerðum, eða auglýsingum ráðherra.

82.7. Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu og neyslu matvæla og annarra neysluvara, sem reynast vera falsaðar, svo sem vegna merkinga, auglýsinga, útlits eða umbúða og þess háttar eða illa gerðar, jafnvel þótt þær séu í sjálfu sér hæfar til neyslu.



### Lambakjötverð haust '90

| | | | | Heildsöluverð | Smásöluverð | Álagning ( % ) | Álagning ( Kr. Kg. ) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1/2 | Skr. | DI-A | ('89) | 291,89 | 417,00 | 14,75% | 43,05 |
| 1/2 | Skr. | DI-Úrval | ('89) | 306,61 | 437,00 | 14,48% | 44,39 |
| 1/1 | Skr. | DI-A Ófrosið | ('90) | 292,34 | 422,00 | 15,95% | 46,62 |
| 1/1 | Skr. | DI-A Frosið | ('90) | 303,94 | 422,00 | 11,52% | 35,02 |

Ófrosið kjöt með afslætti kr.11,60 pr.kg.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VISA ÍSLAND

GREIÐSLUMIÐLUN HF. PÓSTHÓLF 1150, 121 REYKJAVÍK

SÍMI 91-671700
NNR. 9337-0007

I

Kaupmannasamtök Íslands
Hr. Magnús Finnsson, framkvæmdastjóri
Húsi verzlunarinnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík.

Reykjavík, 28/8 1990

Í framhaldi af fundi hjá samtökum yðar fyrr í þessum mánuði þar sem EFTPOS-mál og tækniþróun í greiðslukortaviðskiptum og hjá bankakerfinu voru aðallega til umræðu, kom nokkuð til tals sá mikli vandi sem stafar af því að einstaka verslanir, einkum stórmarkaðir eru að breyta eða öllu heldur flýta úttektartímabilum upp á sitt eindæmi. Ganga menn nú æ lengra í þessum efnum einkum þegar nálgast jól og aðrar stórhátíðir.

Til að mæta breyttum þörfum og markaðsaðstæðum er því orðið meira en tímabært að aðlaga greiðslukortatímabilin innkaupaháttum neytenda og koma á nýrri skipan þessara mála sem allir mega vel við una, og fylgja síðan þeim nýju reglum sem settar kynnu að verða sameiginlega fast eftir. Höfuðnauðsyn er að "úttektartímabil" og "heimildatímabil" fari saman.

Hér fylgja með hugmyndir/tillögur að nýskipan þessara mála, þar sem gengið er út frá því að úttektartímabil yrðu ákveðin einu sinni á ári í samráði við Kaupmannasamtökin og þá til 14 mánaða í einu, sem yrðu síðan kynnt korthöfum og kaupmönnum rækilega.

Vænti viðbragða yðar við þessum hugmyndum við fyrsta tækifæri.

Virðingarfyllst,

Einar S. Einarsson
framkvæmdastjóri

FRH.

ÞRIÐJUDAGUR 11/9'90

FUNDUR HJÁ FÉLAGI MAT + KJÖT

FUNDINN SETTI JÚLÍUS JÓNSSON.

MÆTTIR ERU, JÚLÍUS - JÓN JÚLL, JÓN E.
GUÐMUNDUR, ÁGÚST, ÞÓRÐUR.
FUNDINN SITUR MAGNÚS, FRAMKVSTJ OG GUÐNI

1. MÁL
HUGMYNDIR FRÁ VISA - ÍSLAND.
SJÁ BRÉF FRÁ VISA, UM BREYTTA BYRJUNARDAGA
FUNDURINN ER SAMMÁLA UM AÐ HUGMYNDIRNAR LEYSI ENGANN VANDA.

2. MÁL. TÉKKAFALSANIR og BANKAKORT
HUGMYNDIR AÐ FÁ MENN FRÁ R.L.R og Þl.
TIL AÐ RÆÐA þessi MÁL FREKAR.
BOÐA Á NÆSTA ÞRIÐJUDAG Kl. 10^00
TIL FUNDAR.

3. MÁL. VISAVÉLAR, FUNDURINN MÓTMÆLIR
AÐ KAUPMENN GR. 2.500.- FYRIR HVERJA
VÉL VARÐANDI BEINLÍNUTENGINGAR.

4. MÁL. AFSLÁTTUR TIL ELDRI BORGARA.
ÁKVEÐIÐ AÐ SENDA FÉLÖGUM ELDRI BORGARA
BRÉF VARÐANDI ÁKVÖRÐUN KAUPMANNA, [illegible] AÐ
HÆTTA AÐ GERA 5% AFSLÁTT. SEM VERÐUR
DAGSETT Í OKT EÐA NÓV. 90.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. MÁL. BRÉF FRÁ FÉLAGI ÍSL. IÐNREKENDA.
JÚLÍUS HEFUR SAMRÁÐ VIÐ ÞÁ FREKAR.

6. MÁL. SAMBAKTÓL.
SAMÞYKKT AÐ HAFA SAMBAND
VIÐ Hauk Halldórsson HJÁ
STÉTTARFÉLAGI BÆNDA.

7. MÁL. FUND MEÐ LANDSSTJÓRA.
JÓHANNES JÓNSSON FER
MAGNÚS FINNSSON
ANNAÐ HVORT ÞÓRARINN EÐA MÁNI EÐA BÁÐIR

FUNDI SLITIÐ.

[signature]
[signature]
[signature]
[signature]
[signature]

Ár 1990 þriðjudaginn 18.9 haldinn fundur í stjórnarfél. mat og kjöt
Mættir: Jón Júlíusson, Þórður Jónsson auk Þorsteins Pálssonar í Hagkaup og
Gísla Blöndal Miklagarði. Fundarefni: Hugmyndir að nýjum reglum
um "Greiðslukortatímabil" Miklar umræður. Talið rétt að skoða hvort
ekki væri rétt að byrja kortatímabil á fyrsta fimmtudegi
eftir miðjan mánuð. Greiðslukortafyrirtækin sjái um auglýsingar.
Guðni Þorgeirsson

Ár 1990 þriðjudaginn 18.9. haldinn sameiginlegur
stjórnarfundur félags matvörukaupmanna og
félags kjötverslana kl. 10[30] í húsakynnum K.Í.
Á fundinn komu, auk stjórnarmanna þeir:
Björn Tryggvason seðlabankastjóri,
Sigríður Gauti lögfræðingur seðlabankans,
Arnar Guðmundsson deildarstjóri Rannsóknarlögreglu
Jón H. Snorrason — " —
Gísli Blöndal frá Miklagarði og Þorsteinn
Pálsson í Hagkaupi. Páll Hannesson skólastjóri bankaskólans,
fulltrúi Landsbankans.
Umræðuefni: Notkun bankakorta og meðferð og
misnotkun í tékkaviðskiptum.

Fundarstjóri: Magnús E. Finnsson framkvstj. K.Í.

Miklar umræður um þessi mál.
Niðurstöður:
Samvinnunefnd banka og sparisjóða væri til í að
fara í sálræna pressu, í blöðum og útvarpi til
að lagfæra ástandið.

Björn býður fram kennslu um tékkaviðskipti í
Bankaskólanum til dæmis fyrir verslunarfólk
og verslunarstjóra

Hjá lögreglu eru 6-7 lögreglumenn í fullu starfi við að
upplýsa og lagfæra um 20 milljóna misferli vegna
falsaðra tékka.

Lagt til að bankar taki upp ábyrgari vinnubrögð
við veitingu tékkareikninga til einstaklinga og að
K.Í. hafi áróður uppi til að bæta málið.
Guðni Þorgeirsson ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

VISA ÍSLAND
GREIÐSLUMIÐLUN HF. PÓSTHÓLF [illegible] REYKJAVÍK

SÍMI 91-671700
NNR. 9337-0007

#

## HUGMYNDIR

að nýjum reglum um "GREIDSLUKORTATÍMABIL"

Nóvember 1990 til janúar 1992.

1. Skv. núverandi samstarfssamningi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| SUN | 18.11.90 - 17.12.90 | 30 dagar | |
| ÞRI | 18.12.90 - 17.01.91 | 31 | (Jól) |
| FÖS | 18.01.91 - 17.02.91 | 31 | |
| MAN | 18.02.91 - 17.03.91 | 28 | |
| MAN | 18.03.91 - 17.04.91 | 31 | (Páskar) |
| FIM | 18.04.91 - 17.05.91 | 30 | |
| LAU | 18.05.91 - 17.06.91 | 31 | |
| ÞRI | 18.06.91 - 17.07.91 | 30 | |
| FIM | 18.07.91 - 17.08.91 | 31 | |
| SUN | 18.08.91 - 17.09.91 | 31 | |
| MID | 18.09.91 - 17.10.91 | 30 | |
| FÖS | 18.10.91 - 17.11.91 | 31 | |
| MAN | 18.11.91 - 17.12.91 | 30 | |
| MID | 18.12.91 - 17.02.91 | 31 | (Jól) |
| LAU | 18.01.92 - 17.02.92 | 31 | |

2. Skv. breyttum reglum:

| TILLAGA I: | | | TILLAGA II: | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FIM | 15.11.90 - 09.12.90 | 25 | FÖS | 16.11.90 - 09.12.90 | 24 |
| MAN | 10.12.90 - 16.01.91 | 38 | MAN | 10.12.91 - 17.01.91 | 39 |
| FIM | 17.01.91 - 13.02.91 | 28 | FÖS | 18.01.91 - 14.02.91 | 28 |
| FIM | 14.02.91 - 13.03.91 | 28 | FÖS | 15.02.91 - 14.03.91 | 28 |
| FIM | 14.03.91 - 17.04.91 | 35 | FÖS | 15.03.91 - 17.04.91 | 34 |
| FIM | 18.04.91 - 15.05.91 | 28 | FIM | 18.04.91 - 16.05.91 | 29 |
| FIM | 16.05.91 - 12.06.91 | 28 | FÖS | 17.05.91 - 13.06.91 | 28 |
| FIM | 13.06.91 - 17.07.91 | 35 | FÖS | 14.06.91 - 17.07.91 | 34 |
| FIM | 18.07.91 - 14.08.91 | 28 | FIM | 18.07.91 - 15.08.91 | 29 |
| FIM | 15.08.91 - 17.09.91 | 34 | FÖS | 16.08.91 - 17.09.91 | 33 |
| MID | 18.09.91 - 16.10.91 | 29 | MID | 18.09.91 - 17.10.91 | 30 |
| FIM | 17.10.91 - 13.11.91 | 28 | FÖS | 18.10.91 - 14.11.91 | 28 |
| FIM | 14.11.91 - 09.12.91 | 26 | FÖS | 15.11.91 - 09.12.91 | 25 |
| ÞRI | 10.12.91 - 15.01.92 | 37 | ÞRI | 10.12.91 - 16.01.92 | 38 |
| FIM | 16.01.92 - 12.02.92 | 28 | FÖS | 17.01.92 - 13.02.92 | 28 |

ESE/ÞJ 280890

FUNDUR Í FÉLAGI MAT OG KJÖTVERSLANA
FIMMTUDAG 4. OKT 1990

1. MÁL Á FUNDINN KOM LÍNA ATLADÓTTIR
Á VEGUM ÍSL DAGA.
VIÐRÆÐUR VORU HUGMYNDIR UM AÐ HAFA EINHVERSSKONAR
ÍSL DAGA Í MINNI BÚÐUNUM
ÁKVEÐIÐ VAR AÐ SETJA Á STOFN NEFND UM UNDIRBÚNING
OG VORU KJÖRNIR TIL ÞESS ÞEIR ÞÓRHALLUR STEINGRÍMSS.
OG KRISTINN SKÚLASON

2. MÁL. ÁKVEÐIÐ VAR AÐ ÞÓRÐUR JÓNSSON YRÐI SKIPAÐUR
Í NEFND Á VEGUM LANDBÚNAÐARR. UM SÖLU Á DILKAKJÖTI.

3. MÁL ÁKVEÐIÐ VAR AÐ KORTAFYRIRTÆKIN BORGI SJÁLF
EPOS VÉLARNAR SEM KOMA EIGA Í VERSLANIR

4. MÁL TILLAGA KOM FRAM UM ÓBREYTT FYRIRKOMULAG.
Á KORTATÍMABILI. SEM UMRÆÐUR VORU UM Á
SÍÐASTA FUNDI 18 SEPT. 1990

5. MÁL SAMÞYKKT VAR AÐ SEGJA UPP SAMNINGI VIÐ
FÉLAG ELDRI BORGARA UM 5% AFSLÁTT Á MATVÖRUM
SEM TÍÐKAST Í SUMUM VERSLUNUM. SAMNINGI SKAL
SAGT UPP FRÁ OG MEÐ. 1. NÓV 1990

6. MÁL UMRÆÐUR UM SORPBÖGGUNARSTÖÐ SEM Á AÐ
TAKA TIL STARFA 1. APRÍL 1991.

7. MÁL UMRÆÐUR UM MISJAFNT VERÐ Á SKILAGJALDI.
FRÁ GOSVERKSMIÐJUM.

FUNDI SLITIÐ KL. 12⁰⁰

[signature]

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ar 1990 þriðjudaginn 6. nov. haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana í húsakynnum K. Í. í Húsi verslunarinnar.

Formaður stjórnar Félags matvörukaupmanna Júlíus Jónsson stjórnaði fundinum.
Mættir voru 10 stjórnarmenn og 2 gestir, en þeir voru Sveinbjörn Kristjánsson formaður Félags söluturnaeigenda og Arni Bergur Eiríksson stjórnarmaður í því sama félagi.

Dagskrá.

Tillaga í Borgarstjórn um að gefa afgreiðslutími verslana . frjálsan í Reykjavík.
Arni Bergur upplýsti hvað þeir hafa gert í málinu, eftir að hafa haldið almennan fund í félaginu, þar sem skýrt kom fram að félagsmenn vilja engar breytingar á verslunartímareglugerð þeirri sem nú gildir.
Málið rætt ítarlega. Þar var bent á hin fjölmörgu brot kaupmanna í Reykjavík og afstöðu yfirvalda nágranna bæja auk ályktun framkvæmdastjórnar K.Í. frá 1987, þar sem hún mælir með frelsi til reynslu í eitt ár.

Akveðið að kanna hvort ekki væri hægt að mótmæla framkominni tillögu í Borgarstjórn. Leyta skal til Magnúsar framkvæmdastjóra um orðalag.

Guðni Þorgeirsson ritari.

---

Ár 1991. miðvikudaginn 16. janúar haldinn sameiginlegur stjórnafundur í fél Matvörukaupmanna og fél Kjötverzl.
Fundurinn hófst kl. 13⁰⁰!

Formaður FMR Júlíus Jónsson setti og stjórnaði fundi.

Í upphafi gat hann þess að von væri á Ögmundi Einarssyni forstjóra Sorp-eyðingar höfuðborgarsvæðisins, inn á fundinn kl. 14³⁰.

Því næst greindi hann frá fundi sem haldinn var fyrir hádegi hjá Landvernd en til umræðu var úthlutun úr pokasjóði, en til ráðstöfunar verða 15 miljónir króna í vor og dreifist úthlutunin um land allt eins og venjulega.

Fram kom að innkaupsverð pokanna hefir hækkað um 80% frá því byrjað var að selja þá í búðum og þessvegna brýn nauðsyn á að hækka útsöluverðið — en það hefir hinsvegar strandað fram að þessu á „Þjóðarsáttinni"

Formaður sagði frá tillögu framkvæmdastjórnar KÍ þess efnis að sameina FMR – FK – og FSE í eitt félag sem síðan fengi sex fulltrúa í fulltrúaráð KÍ, eða óbreyttan fjölda, þá því sem áður var.

Jón Júlíusson ræddi þessa uppástungu svo og félagsstarfið almennt
Hreinn Sumarliðason ræddi nokkuð

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

aðdraganda að tillögu þessari en formaður KÍ hefir talað fyrir því í langan tíma að helst bæri að sameina öll sérgreinafélögin í KÍK í eitt stórt Kaupmannafélag. Þessi hugmynd hefir ekki fengið neinn byr, og því hefir áherzlum verið breytt nú þannig að í stað eins Kaupmannafélags komi tvö og verði FMR-FK og FSE, önnur eins og að framan greinir en öll önnur félög sameinist í hinu.

Ingibjörn taldi þetta ekki mikla breytingu fyrir þau þrjú félög sem hér væri rætt um og hvatti til sameiningar.

Gunnar Snorrason taldi þetta líklegt til að slæva félagsvitund, það er að segja að sameina öll félögin, en studdi hugmyndina um þau þrjú félög sem komu til umfjöllunar á þessum fundi.

Jón Júlíusson kom inn á viðræður KÍ við Verzlunarráðið um sameiginlegan skrifstofurekstur og taldi það afar hæpið í sínum huga. Væri ekki mál fyrir okkur að ráða mann í okkar málefni. Það hefir verið unnið á móti okkur hér á okkar skrifstofu t.d. í dósa málinu hvernig haldið var að það yrði frá skrifstofu „Viðskiptalífsins" (Eimskip).

Ingibjörn mótmælti þessu og benti á að tveir fyrrverandi matvörukaupmenn væru starfandi hjá KÍ.

Fram kom hugmynd um að hafa „opna" „fulltrúaráðsfundi" annað slagið. Formaðurinn áréttaði að hann vildi fá eitthvað veganesti frá þessum fundi inn á fyrirhugaðan fulltrúaráðsfund um sameiningarmál.

Ágúst Guðmundsson ræddi stöðu mála gagnvart heildsölum, sem væru farnir að leggja allt að 120% á innkaupsverð vöru. Þá var rætt um ýmislegt fleira svo sem sunnudagsopnun, aðstöðugjöld og hækkun fasteignagjalda.

Enn fremur var rætt um staðsetningu áfengisverzlana í borginni og eftirfarandi tillaga að mótmælum samþykkt samhljóða.

[redacted]fundur Félags matvörukaupmanna haldinn 27.marz 1990 mótmælir því eindregið, virðulegi Fjármálaráðherra, að svo virðist sem helmingaskiptaregla sé viðhöfð, þegar ákvarðanir eru teknar um staðsetningu vínsöluverslana. Slíkum verslunum hefur að undanförnu verið valinn staður í nánd við verslanir tveggja aðila í smásöluverslun. Sá tími á að vera liðinn, að stjórnvöld ákveði með einum eða öðrum hætti, hvaða atvinnustarfsemi fái að þróast og dafna. Jafnframt ítrekar fundurinn þá skoðun matvörukaupmanna, að bjór og borðvín eigi að selja í matvöruverslunum, þar sem neytendur kaupa aðrar neysluvörur heimilanna.

Nú kom Ögmundur Einarsson forstjóri Sorpeyðingarinnar inn á fundinn. Hann flutti fundinum fréttir af þróun mála varðandi losun sorps. Það eru breyttir tímar og þannig

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður staðið óbreytt að þessum
málum. Það á að fara fram
aðgreining á sorpi, taka frá verðmæt
efni svo sem pappír og timbur,
það á að pressa sorp í bagga og
það á að taka gjald fyrir förgunina
þannig að þeir borgi sem „framleiða" sorp.
Húsasorphreinsun verður þó í óbreyttu
formi að sinni. Gert er ráð fyrir að
stöðin opni í apríl n.k.
Þeir leggja áherslu á að fá til stöðvarinnar
fáa en stóra farma, þessvegna er rætt
um nýja gáma með þrýstipressum, þannig
kemst meira í þá. Megin breytingin er þessi
Flokkun sorps – breytt losun, pressugáma-
gjald fyrir losun og eiturefni sér.
Varðandi hina smærri kaupmenn sem
ekki hafa aðstöðu eða þörf fyrir pressugám
þá mun sveitarfélagið reka gámasorp-
móttöku á nokkrum stöðum þar sem
tekið verður á móti flokkuðu sorpi
Allnokkrar umræður urðu á fundinum
og margar fyrirspurnir komu fram.
Ljóst er að talsvert aukinn kostnaður
mun fylgja þessum breytingum einkum
þar sem mikið affall verður til.
Stjórnarmenn voru sammála um að
halda almennan félagsfund um sorp-
–málið, og bjóða Ögmundi til fundarins.
Hann bað til í það en óskaði eftir að
fá til sín fyrir fundinn, helstu viðhorf
og fyrirspurnir svo hann gæti búið
sig undir að svara fundarmönnum.
Hér á eftir verður límd inn fyrsta

gjaldskrá frá Sorpeyðingu höfuðborgar-
–svæðisins bs.
Fleira gerðist ekki, fundi slitið

Innfært eftir lausblaðabókum Guðna
Þorgeirssonar.
Hreinn Sumarliðason

Guðni Þorgeirsson

SORPEYÐING HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.
GUFUNESI, Po.box 12100, 112 REYKJAVÍK,
Kennitala 51.588-1189

**GJALDSKRÁ**

**FYRIR MÓTTÖKU SORPS OG SPILLIEFNA.**

SÍMI: 345-1-676677, TELEFAX: 354-1-676690

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

JAN.1991
BVST.176.5

## GJALDSKRÁ FYRIR MÓTTÖKU SORPS. 1. JANÚAR 1991

### GILDISTÍMI JANÚAR -FEBRÚAR 1991.

| | VERÐ ÁN VSK. | VERÐ MEÐ VSK |
|---|---|---|
| 1. HEIMILISSORP ÚR SORPBÍLUM | 2.558,00 KR/TONN | 3.171,92 KR/TONN |
| 2. IÐNAÐAR- OG FRAMLEIÐSLUÚRGANGUR ÓFLOKKAÐUR | | |
| Einstakir farmar eða gámar að 30 rúmmetrum undir 2.500 kg. | 8.800,00 KR/FARM | 10.956,00 KR/FARM |
| Einstakir farmar ≥ 2.500 kg ≤ 3.999 | 3.377,00 KR/TONN | 4.204,36 KR/TONN |
| Einstakir farmar ≥ 4.000 kg. | 3.070,00 KR/TONN | 3.822,15 KR/TONN |
| Byggingaafgangar óflokkaðir | 4.400,00 KR/TONN | 5.478,00 KR/TONN |
| 3. IÐNAÐARÚRGANGUR FLOKKAÐUR, ENDURVINNANLEG OG SELJANLEG EFNI UMFRAM 100 KG FARMA. FARMAR UNDIR 100 KG FLOKKAST UNDIR FLOKK 2. | | |
| A)timbur | 1.228,00 KR/TONN | 1.528,86 KR/TONN |
| B)pappi | 1.944,00 KR/TONN | 2.420,28 KR/TONN |
| C)gler | 1.944,00 KR/TONN | 2.420,28 KR/TONN |
| 4. HOLRÆSAÚRGANGUR FRÁ HREINSIBÍLUM | 4.400,00 KR/TONN | 5.478,00 KR/TONN |
| 5. EYÐING TRÚNAÐARSKJALA | 6.139,00 KR/TONN | 7.643,05 KR/TONN |

TÍMASTÝRING GJALDSKRÁRLIÐA 2 - 5.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Á TÍMABILINU | 7:30 - 10:00 | GILDIR | 80% AF GJALDSKRÁ |
| " | 10:00 - 16:00 | " | 100% GJALDSKRÁ |
| " | 16:00 - 17:00 | " | 120% GJALDSKRÁ |

SÉRSTÖK GJALDSKRÁ GILDIR FYRIR MÓTTÖKU SPILLIEFNA.
GJALDSKRÁIN MIÐAST VIÐ BYGGINGAVÍSITÖLU 176.5 STIG OG VERÐUR ENDURSKOÐUÐ Á TVEGGJA MÁNAÐA FRESTI Í SAMRÆMI VIÐ BREYTINGAR Á HENNI.

**FLUTNINGSAÐILI ER ÁBYRGUR FYRIR GREIÐSLU MÓTTÖKUGJALDS.**

## MÓTTAKA SPILLIEFNA
GJALDSKRÁ 1. JANÚAR 1991
BVST. 176.5
GILDISTÍMI JANÚAR - FEBRÚAR 1991

| FLK. | VÖRUHEITI | MAGN | VERÐ ÁN VSK | KR/KG. |
|---|---|---|---|---|
| A1050 | ÓLÍUÚRGANGUR | 0-50 KG | 112,00 | * |
| A2500 | OLÍUÚRGANGUR | > 50 KG | 32,00 | * |
| A3050 | OLÍUSÍUR OG FL. | 0-50 KG | 145,00 | * |
| A4500 | OLÍUSÍUR OG FL. | > 50 KG | 67,00 | * |
| B1500 | LÍFRÆNN M. HALOGEN DÆLANLEGUR | > 50 KG | 96,00 | * |
| B2050 | LÍFRÆNN M. HALOGEN ÓDÆLANLEGUR | 0-50 KG | 170,00 | * |
| B3500 | LÍFRÆNN M. HALOGEN ÓDÆLANLEGUR | > 50 KG | 109,00 | * |
| B4040 | ÞÉTTAR MEÐ PCB | 0-40 KG | 185,00 | * |
| B5400 | ÞÉTTAR MEÐ PCB | > 40 KG | 286,00 | * |
| B6500 | SPENNUBREYTAR M. PCB MAX | 4000 KG | 214,00 | * |
| C1500 | UPPLAUSNAREFNI | > 50 KG | 36,00 | * |
| H1050 | LÍFRÆNN ÁN HALOGEN DÆLANLEGUR | 0-50 KG | 163,00 | * |
| H2500 | LÍFRÆNN ÁN HALOGEN DÆLANLEGUR | > 50 KG | 41,00 | * |
| H3050 | LÍFRÆNN ÁN HALOGEN ÓDÆLANLEGUR | 0-50 KG | 184,00 | * |
| H4500 | LÍFRÆNN ÁN HALOGEN ÓDÆLANLEGUR | > 50 KG | 67,00 | * |
| K1500 | ÚRGANGUR M/KVIKASILFRI | > 50 KG | 118,00 | * |
| T1050 | ÚTRÝMINGAREFNI | 0-50 KG | 275,00 | * |
| T2500 | ÚTRÝMINGAREFNI | > 50 KG | 118,00 | * |
| X1050 | ÓLÍFRÆNN ÚRGANGUR | 0-50 KG | 159,00 | * |
| X2500 | ÓLÍFRÆNN ÚRGANGUR | > 50 KG | 79,00 | * |
| Z1050 | RANNSÓKNARST. OG ANNAÐ | 0-50 KG | 207,00 | * |
| Z2500 | RANNSÓKNARST. OG ANNAÐ | > 50 KG | 83,00 | * |
| S | INNLEND EYÐING SÉRÚRGANGS | LÁGMARKSGJALD | 10,00 | * |

ATH. HALOGEN = FLÚOR, KLÓR, BRÓM OG JOÐ.

Auk ofangreindrar gjaldskrár verður tekið aukagjald vegna rangra upplýsinga um aðsend efni, nauðsynlegra rannsókna, umbúðaskipta og sérstakrar meðhöndlunar efnanna.

Sameiginlegur stjórnafundur F.M.R og F.K var haldinn 18 febr. 1991. Kl. 13⁰⁰

Formaður F.M.R. Júlíus Jónsson setti fundinn og stýrði honum. Mættir voru 9 stjórnarmenn og auk þeirra Guðni og Hreinn sem ritar fundargerð:

Fyrir var tekið:

1. Rætt um tímasetningu aðalfundar. Svo og um sameiningar málin og hugsanlega framkvæmd hennar. Samþykkt að boða til aðalfundar 26 febrúar n.k. í FMR og 19/3. í FK. Síðan sameiningarfund 23. apríl. ef sameiningartillagan verður samþ. í báðum félögum.
2. Um að hætta að gefa FEB afslátt af viðskiptum og að sú ákvörðun taki gildi 1. apríl. n.k. Margháttuð vandkvæði hafa verið á þessu og ósanngjörn mismunun sem ekki verður við unað.
   Þetta var samþ. samhljóða
3. Formaður sagði frá viðtölum sínum við Ögmund Einarsson framkv.stjóra Sorphirðu höfuðborgarsvæðisins, en hann vill fá að koma skilaboðum í Fréttabréf K.Í.
   Rætt um sorphirðumálin og stefnt að nánari fræðslu á aðalfundinum.
4. Viðræður við Fél. ísl. iðnrekenda um kynningu á ísl. iðnaðarvörum, sem verði róterandi milli verslana. Guðni útskýrði fyrirkomulagið og greindi

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá því að 20 búðir verði með í
programmiu. Tilboðin verða með
20% afslátt til viðbótar því sem alltaf
eru í gangi - síðan verði notuð ½
álagning og almenningur njóti þessa í
10 daga. Þetta á að vera 23. maí til 1. júní
Hugmyndirnar samþykktar.

5. Umræður um útsöluna dilkakjöts árg 90 og 91
nýjar tillögur - kynntar af Jóni Júlíussyni
Lambakjöt á lágmarksverði, til loka maí.
verð 486 kr kg. snyrt. Hér er einungis
um að ræða nýtt kjöt og merkt sem slíkt.
Þetta er að fara í gang nú eftir viku.
Fram kom að álagning væri komin í
15% og þótti bara eftir atvikum gott.

6. Önnur mál: Ágúst Guðmundsson sagði frá
framgangsríku námskeiði á vegum KÍ - í
tölvufærðu fjárhagsbókhaldi, sem væri
þakkarvert.
Talað um reikninga Helga Baldurssonar
og spurt hvort ekki væri rétt að kynna
það betur á aðalfundinum. Góðar undirtektir.
Talað um að hækka verð burðarpokanna
í 8 krónur hinn 1. apríl, en það mun vera
heimilt nema þrátt fyrir „þjóðarsáttina"
samþykkt samhljóða.
Rætt um aðstöðugjöld, og möguleika á að losna
við þau, svo og um tryggingagjaldið nýja.
M.E.F. útskýrði breytingarnar.
Fleira ekki fyrir tekið, fundi slitið.

[signature] ritari

Jón Júlíusson [signature]

---

Ár 1991 fimmtudaginna 4. april kl 13,30 haldinn sameiginlegur fundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands í Húsi verslunarinnar.

Formaður Félags kjötverslana Jón Júlíusson setti fundinn og stjórnaði honum.

Þessi fundur hafði verið boðaður sem rabbfundur.
Þá var gengið til dagskrár og fyrir tekið:

1. Afnám 5% afsláttar til Félags eldri borgara.

Formaður hvatti félaga til að standa þétt saman um ákvörun aðalfunda félaganna. Margir tóku til máls.

2. Umræða um álagningu vara.

Formaður hóf umræðuna og voru álagningarmál rædd, bæði í heildsölu og smásölu. Verð á páskaeggum var sérstaklega reifað og þótti mönnum skammarlegt hvernig að var staðið.
Menn vitnuðu í mismunandi verð hjá heildsölum og var það ályt ýmsra að kaupmönnum sé lífsspursmál að bindast samtökum um að flytja inn sjálfir.

3. Sameining Félags mat og kjöt.

Nú þegar aðalfundir beggja félaganna hafa samþykkt að stefna í sameiningu félaganna, vill formaður biðja menn að ýhuga um menn í stjórn nins nýja félags.

Fleira ekki tekið fyrir . Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson
ritari.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ar 1991 föstudaginn 13. september haldinn sameginlegur stjórnarfundurn í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötkaupmanna kl. 11,00n í húsakynnum Kaupmannasamtaka Islands í Húsi Verslunarinnar.

Jón Júlíusson formaður Félags kjötverslana setti fundinn og stjórði honum.

Formaður fór yfir hin ýmslu mál sem efst eru á baugi. Hann benti á að menn hafi staðið vel saman um að fella niður 5% afslátt til Félags eldri borgara og þar með hafi það mál unnist.
Hann ræddi síðan um mismunun á aðstöðu verslana, vegna staðsetningu vínbúða og hvatti til þess að skrifstofa K.I, legði áherslu á að fá fram afgreiðslu á frumvarpið um greiðslukorta viðskipti, þar sem lagt er til að viðskiptavinurinn greiði kostnaðinn af greiðslukorta-viðskiptunum.
Fundarmenn vilja fá fram debetkort, sem fyrst.

Akveðið að óska eftir því við formann K.I að Júlíus Jónsson og Guðjón Guðjónsson verði með, þegar farið verður til ráðherra til að ræða um kortin og mismunun á aðstöðu verslana, vegna staðsetningu vínbúða, auk þess að óska eftir því að fá leyfi til sölu á sterkum bjór í verslunum.

Rætt um tilnefningu á manni í stjórn Stofnlánasjóðs matvörukaupmanna. Samþykkt að endurtilnefna Magnús E. Finnsson framkvæmdastjóra.

Jón Júlíusson ræddi síðan væntanlegt samstarf K.I. F.I.S og Bílgreinasambandsins. Engar umræður.

Júlíus Jónsson ræddi og las upp bréf og svar K.I, vegna tillagna um ný tóbakslög.

Guðni Þorgeirsson lýsti könnun á sorphirðumálum verslana.
Akveðið að Júlíus og Guðni hafi samband við fyrirtækið Hirðir.

Júlíus Jónsson greindi frá viðræðum við forstjóra Mjólkursamsölunnar vegna dagstimplunar á unnum mjólkurvörum með tuttugu daga geymsluþoli, en eru afgreiddar alltað hálfs-mánaðar gamlar frá M.S.

Síðan ræddu menn um verðkannanir.
Akveðið að óska eftir fundi um málið með Framkvæmdastjórn K.I

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Guðni Þorgeirsson ritari.

**Ár 1991 miðvikudaginn 23. október kl. 10:30, haldinn sameiginlegur stjórnarfundur í Félagi matvörukaupmanna og Félagi kjötverslana í húsakynnum K.Í. í Húsi verslunarinnar.**

**Formaður matvörukaupmanna Júlíus Jónsson setti fundinn og stjórnaði honum.**

**Guðni Þorgeirsson ræddi mjólkurverð og verðlistaútgáfu frá MS. Ákveðið að biðja MS að gefa út verð með mismunandi álagningu. Síðan upplýsti Guðni að K.Í. væri að skipuleggja skiltanámskeið og ennfremur er verið að semja við Tölvuskólann um sérstakt verð fyrir félaga K.Í. en þar munar um kr. 15.700,-**

**Formaður sagði frá fundi með fjármálaráðherra en þar var rætt um frumvarp til laga um greiðslukort, sölu á sterkum bjór og léttum vínum, auk sér aðstöðu þeirra sem hafa áfengissölu við hliðina á versluninni.**

**Síðan ræddu menn um verðlag hjá heildverslunum og stöðu verslunarinnar í dag sem fór síðan í að ræða um verðkannanir og ákveðið var að leita til stjórnar K.Í. um aðstoð til að svara óraunhæfum verðlagskönnunum.**
**Ákveðið að tveir til þrír stjórnarmenn fari á fund framkvæmdastjórnar til að ræða málið.**

**Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.**

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur stjórnarfundur F.M.R og F.K. var haldinn fimmtudaginn 16. janúar 1992 í húsnæði K.Í. og hófst kl. 11⁰⁰ f.h.

Formaður F.K. Jói Jelíusson setti fundinn og stýrði honum. Hann fagnaði góðri mætingu og óskaði mönnum farsældar á nýju ári.

Fyrir var tekið

1. Skýrt frá að Þórhallur Arason hjá landbúnaðarráðuneytinu væri hættur störfum en kaupmenn hafa átt gott samstarf við hann. Vonandi verður það eins með eftirmann hans.

2. <u>Sameining FMR og FK</u> Framundan er að fjalla ákveðnum síðustu aðalfunda um sameiningu. Í því sambandi var rætt um séreignir FMR aðallega sumarhúsið. Vitnað var til 12. greinar laga F.M.R. og það undirstrikað að vitaskuld yrði gætt ítrustu lagakrafna.
Enginn fundarmanna hreyfði mótmælum við því að þessar séreignir færðust til hins nýja sameinaða félags, enda væri ljóst að tekjur frá M.S. sem nýttar hefðu verið til að greiða bústaðinn, hefðu ekkert síður tilheyrt F.K. en F.M.R.
Jafnframt kom fram að búast mætti við því í nánni framtíð að F.S.E. óskaði eftir aðild að sameiningunni.
Umræður fóru nú á víð og dreif. Gunnar Snorrason, taldi vafasamt að sameiningar sérgreinafélaganna, sem framkvæmdar voru í fyrra, (Fél. Sérvöruverzlana) hafi verið til farsældar og æskilegt væri að fá úttekt á því t.d. um fundafjölda fundasókn og hvort félögum hefi fjölgað.
Jóhannes Jónsson taldi að K.Í. hefði átt að sameina öll sérgreinafélögin í eitt félag. Í dag væri K.Í. úrelt og ekkert hingað að sækja – þetta væri eins og samma klúbbur.
Ágúst Guðm. form. Kaupmannafélags Hafnarfj. sagði sína reynslu þá að hann sem matvörukaupmaður ætti enga samleið með hinum sérgreinakaupmönnunum.
Fram kom að skattamálin væru mjög brennandi úrlausnarefni – Aðstöðugjald ætti engan rétt sér, og ekki heldur sérskattur á verzlunarhúsnæði
Þá var drepið á ýmis mál. Sættmatar verðkannanir Guðni Þorgeirsson kynnti samning við gámaþjónustuna, en þar sem tíminn var að hlaupa frá mönnum, urðu litlar umræður, þess var hins vegar óskað að félagsmenn fengju hann til yfirlestrar sendan í pósti
Rætt var um að fréttabréf Landverndar myndi fylgja næsta tölublaði verzlunartíðinda.

Fleira gerðist ekki
fundi slitið
Hreinn Sumarliðason
ritari

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sameiginlegur stjórnarfundur F.M. og F.K. haldinn í Hús Verzlunar fimmtudaginn 26/3 '92

Formaður félagsins Júlíus Jónsson setti fundinn og kynnti viðstöddum um verzlun sem haldin verður á Hallidagsins haldinu 4.4.'92 og hvatti flesta til að mæta

Rætt var um að Þórhallur Arason sem starfaði að markaðsátaki lambakjöts væri nú starfandi hjá Markaðsráði Landbúnaðarins. Júlíus skýrði frá áttu Þórhallar við að lækkun nautakjöts um 10% hafi ekki skilað sér til kaupmanna. Rætt var um auglýsingarátak vegna þessarar lækkunar á síðustum nótum og var mest lambakjötið.

Fram kom að menn vildu ekki auglýsa fast verð á nautakjöti heldur yrði hver verzlun að ákveða verð á einstökum hlutum sjálf. Sjálfsagt væri að leggja áherzlu á lækkunina sem slíka.

Rætt var um lélegt upplýsingastreymi frá landbúnaðarráðuneytinu um lækkun á lambakjöti, einnig var kvartað yfir að greitt sé fyrir umbúðir utan af kjöti og áleggi

Afsláttarmál hjá M.S. og Osta og Smjörsölunni var rætt og fannst mönnum óviðunandi og ekki skuli vera hægt að fá staðgr. afslátt hjá þessum fyrirtækjum eins og öllum öðrum t.d. Á.T.V.R. Samþykkt var að vísa þessu máli til framkvæmdastjórnar K.Í., þótt sumir væru efins um að nokkuð kæmi út úr því.

Rætt var um þóknun kortafyrirtækja og kom fram óánægja með að greiða þóknun af VSK sölu og einnig að mönnum sýndist afkoma kortafyrirtækja leyfa lægri þóknun. Vísað til framkvæmdastjórnar.

Stefgjöld vegna útvarps í verzlunum var rætt og kom fram að skylt væri og greiða stefgjald af

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landið í verzlunum, Menn voru sammála um að hver verzlun sæi um samninga vegna þessa.
Samþykkt var að senda félagsmönnum reglur um stefgjöld.

Ingibjörn Hafsteinsson skýrði frá ráðstefnu Nordisk Købmandskomite sem haldin verður í í Stokkhólmi 10–11 maí. Stungið var upp á að senda Jóhannes Jónsson og Kristján Jónatansson Bolungavík á ráðstefnuna. Einnig kom fram að Finnskir kaupmenn væru væntanlegir til landsins og óska eftir að hitta fulltrúa KÍ. Fram kom í fundi framkv.stjórnar að formaður óskaði eftir því að Ingibjörn viki úr sæti í endurvinnslunni fyrir Magnús Finnsson. Ingibjörn fékk málinu frestað. Fram kom að þetta snerti Emanúel Magnússon. Jón Júlíusson stakk upp á að þetta væri alfarið mál félagsins og félagið veldi mann sem fulltrúa til 2ja ára í senn. Bent var á að gosumbúðir snertu matvöruverzlanir en ekki blómaverzlanir.

Fjallað var um tap samtakanna á sl. ári og skýrði Ingibjörn frá vinnu félagsgjaldanefndar og stakk upp á að innheimtugjöld kjaramálagjald í gegnum lífeyrissjóðinn.
Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Ár 1992 Fimmtudaginn 2 apríl kl. $13^{30}$ haldinn sameiginlegur fundur Félags matvörukaupmanna og Félags kjötverslana í húsakynnum K. Í í Húsi verslunarinnar.
Þetta var stjórnarfundur sem Jón Júlíusson formaður Félags kjötverslana setti og stjórnaði.

MÆTTIR ERU, JÓN JÚLL, MÁNI, JÓN EINARS, GUÐMUNDUR J, JÚLÍUS, KRISTINN, ÁGÚST, ÞÓRÐUR og SVEINN K.

1. RÆTT VAR UM STÖÐU KJÖT og MATVÖRUKAUPMANNA innan KÍ.

2. MÓTMÆLT VAR HARALEGA BROTTVÍSUN INGABJÖRNS HAFSTEINSSONAR ÚR STJÓRN ENDURVINSLUNARAR.

3. SAMÞYKT VAR AÐ FORMENN FÉLAGANNA FÆRU MEÐ ÁLYKTUN TIL FORMANNS KÍ.

FUNDI SLITIÐ Kl $14^{30}$

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur